

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 10. júní 2022.

Mál nr. 247/2021:

Íslenska ríkið

(Óskar Thorarensen lögmaður)

gegn

A

(Kristinn Hallgrímsson lögmaður,

Bragi Björnsson lögmaður, 3. prófmál)

og gagnsök

Lykilorð

Skadabætur. Miskabætur. Gæsluvarðhald. Stjórnarskrá. Dómvenja.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur Í til heimtu miskabóta vegna frelsissviptingar er hann sætti í tengslum við rekstur sakamáls sem lauk endanlega með dómi Landsréttar [...] maí 2019 í máli nr. [...] /2018. Var A dæmdur í fangelsi í tvo mánuði fyrir brot gegn 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til frádráttar refsingu kom gæsluvarðhald sem hann sætti frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018. Miskabótakrafa A byggði á því að hann hafi sætt gæsluvarðhaldi í 269 daga og farbanni í 57 daga að ósekju. Þá hafi hann sætt hindrun við að komast úr landi í 15 daga eftir dóm héraðsdóms í fyrrnefndu sakamáli þar til honum var fylgt úr landi. Í dómi Landsréttar kom fram að samkvæmt 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár skuli maður eiga rétt til skadabóta, hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju. Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 skuli eftir füngum gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þyki að fangelsisrefsing verði dæmd. Með vísan til þess dagafjölda er A sat í gæsluvarðhaldi og ákvæðis 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 hefði A sætt gæsluvarðhaldi langt umfram efni og þar með sviptur frelsi að ósekju. Væri Í einnig talið bera ábyrgð á gæsluvarðhaldsvist sem A sætti á Ítalíu að beiðni íslenskra yfirvalda. Ætti hann því rétt til miskabóta úr hendi Í vegna gæsluvarðhaldsvistar í 269 daga. Ekki var fallist á kröfu um miskabætur vegna farbanns, enda hefði verið lögmeitt eins og á stóð að takmarka för hans með farbanni meðan ekki lá fyrir niðurstaða dómstóla í því sakamáli sem rekið var gegn honum. Þá var að virtum gögnum málsins ekki talið sannað að för A úr landi hafi verið hindruð. Að því er varðaði fjárhæð til miskabóta vegna gæsluvarðhaldsvistar að ósekju þótti mega hafa hliðsjón af athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 128/2019, um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017, sem og dómvenju á þessu réttarsviði. Að því virtu þóttu miskabætur til A hæfilega ákveðnar 19.000.000 króna, með vöxtum í samræmi við kröfugerð A.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Davíð Þór Björgvinsson, Oddný Mjöll Arnardóttir og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 12. apríl 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Aðaláfrýjandi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi greiði honum málskostnað. Til vara er þess krafist að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.
- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 22. júní 2021. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega að aðaláfrýjandi greiði honum 65.545.000 krónur, til vara að aðaláfrýjandi greiði honum 26.248.000 krónur en til þrautavara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá er þess krafist í öllum tilvikum að aðaláfrýjanda verði gert að greiða vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af dæmdri fjárhæð frá 23. mars 2018 til 17. mars 2021, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist í öllum tilvikum að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, án tillits til gjafsóknar í héraði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi hefur gagnáfrýjandi höfðað mál þetta á hendur aðaláfrýjanda til heimtu miskabóta vegna frelsissviptingar er hann sætti í tengslum við rekstur sakamáls sem lauk endanlega með dómi Landsréttar [...] maí 2019 í máli nr. [...] /2018. Með þeim dómi var gagnáfrýjandi, ásamt þremur öðrum einstaklingum, sakfelldur fyrir peningaþvætti samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en gagnáfrýjandi var dæmdur í fangelsi í tvo mánuði, fyrir brot gegn 4. mgr. 264. gr. laganna. Til frádráttar refsingu skyldi koma gæsluvarðhald er gagnáfrýjandi sætti vegna málsins frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018.
- 5 Í tengslum við rannsókn sakamálsins var á sínum tíma gerð krafa um að gagnáfrýjandi yrði framseldur frá Ítalíu, en hann var á grundvelli handtökuskipunar sem gefin var út af Héraðsdómi Reykjavíkur 30. mars 2016 handtekinn þar að beiðni íslenskra yfirvalda í tengslum við lögreglurannsókn er fram fór fyrir útgáfu ákæru í málinu. Yfirvöld á Ítalíu höfðu gagnáfrýjanda í haldi frá 14. febrúar 2017 á meðan framsalsmál hans var til meðferðar fyrir ítölskum yfirvöldum og dómstólum. Kom gagnáfrýjandi síðan í fylgd íslenskra lögreglumanna hingað til lands 17. ágúst 2017 og var í beinu framhaldi úrskurðaður í gæsluvarðhald.
- 6 Í upphafi var gæsluvarðhald yfir gagnáfrýjanda grundvallað á a-lið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en í síðari úrskurðum var gæsluvarðhaldsvistin

reist á b-lið 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Gagnáfrýjandi sætti gæsluvarðhaldi á grundvelli þessa ákvæðis allt til 10. janúar 2018, en með úrskurði Landsréttar þann dag í máli nr. 73/2018 var fallist á kröfu gagnáfrýjanda um að hann skyldi sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds. Í úrskurði Landsréttar var tekið fram að gagnáfrýjandi hefði sætt gæsluvarðhaldi hér á landi í ríflega fjóra mánuði og þrjár vikur, en áður hefði hann verið í haldi ítalskra yfirvalda í ríflega sex mánuði. Að því gættu væru ekki forsendur til að honum yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur, sbr. niðurlag 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Gagnáfrýjandi sætti síðan farbanni allt þar til Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóm yfir honum og meðákærðu 8. mars 2018. Gagnáfrýjanda var loks fylgt úr landi 23. mars 2018.

Niðurstaða

- 7 Gagnáfrýjandi byggir miskabótakröfu sína á því að hann hafi verið sviptur frelsi að ósekju. Hafi hann þurft að sæta gæsluvarðhaldi og farbanni mun lengur en næmi refsingu sem honum var síðan gert að sæta samkvæmt dómi. Byggir hann miskabótakröfu sína á 246. gr. laga nr. 88/2008, 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, og almennum skaðabótareglum. Að frádreginni þeirri fangelsisrefsingu er honum hafi verið gert að sæta með dómi Landsréttar [...] maí 2019 hafi gagnáfrýjandi sætt gæsluvarðhaldi að ósekju í 269 daga. Þá hafi hann sætt farbanni að ósekju í 57 daga. Loks hafi hann sætt hindrun við að komast úr landi eftir dóm héraðsdóms í málinu þar til honum hafi verið fylgt úr landi, en sú hindrun hafi staðið í 15 daga. Miskabótakrafan taki til umræddra daga og fari aðal- og varakrafa eftir því hvernig dagur í gæsluvarðhaldi eða farbanni sé reiknaður til bóta.
- 8 Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Samkvæmt 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.
- 9 Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var gagnáfrýjandi sakfelldur fyrir peningþvætti með dómi Héraðsdóms Reykjaness 8. mars 2018, sem staðfestur var að því er gagnáfrýjanda varðar með dómi Landsréttar [...] maí 2019. Gæsluvarðhald og farbann eru rannsóknaraðgerðir sem mælt er fyrir um í XIV. kafla laga nr. 88/2008. Þar sem sakfelling gagnáfrýjanda fyrir brot gegn 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga hvíldi á grunni rannsóknar sem útheimti gæsluvarðhaldsúrskurð og farbann, skortir skilyrði fyrir því að gagnáfrýjanda verði dæmdar miskabætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008.
- 10 Sem fyrr var rakið byggir gagnáfrýjandi kröfu sína um miskabætur á því að hann hafi setið frelsissviptur í gæsluvarðhaldi í 269 daga umfram dæmda refsingu. Samkvæmt

5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár skal maður eiga rétt til skaðabóta, hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju. Réttur þessi verður ekki skertur nema að undangenginni breytingu á stjórnarskrá. Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 skal eftir föngum gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd. Með vísan til þess dagafjölda er gagnáfrýjandi sat í gæsluvarðhaldi og ákvæðis 3. mgr. 95. gr. sætti gagnáfrýjandi gæsluvarðhaldi langt umfram efni. Var hann þar með sviptur frelsi að ósekju. Verður aðaláfrýjandi talinn bera ábyrgð á gæsluvarðhaldsvist gagnáfrýjanda á Íslandi en einnig á þeirri gæsluvarðhaldsvist sem hann sætti á Ítalíu, að beiðni íslenskra yfirvalda. Á gagnáfrýjandi rétt til miskabóta úr hendi aðaláfrýjanda af þeim sökum vegna gæsluvarðhaldsvistar í 269 daga.

- 11 Sem fyrr greinir var gagnáfrýjandi úrskurðaður í farbann í 57 daga, eða frá 10. janúar 2018 þar til dómur var kveðinn upp yfir honum í héraði 8. mars 2018. Farbannið var byggt á b-lið 1. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga. Samkvæmt greindum ákvæðum er heimilt að úrskurða mann í farbann ef ætla má að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast, ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar. Gagnáfrýjandi var að kröfu íslenskra yfirvalda handtekinn á Ítalíu og framseldur hingað til lands. Svo sem hann hefur sjálfur borið hafði hann engin tengsl við landið. Eins og á stóð var því lögmætt að takmarka för hans með farbanni meðan ekki lá fyrir niðurstaða dómstóla í sakamálinu sem rekið var gegn honum. Verður gagnáfrýjandi því ekki talinn eiga rétt á miskabótum vegna þess tíma er hann sætti farbanni.
- 12 Síðasti liður í kröfugerð gagnáfrýjanda lýtur að þeim tíma er leið frá uppsögu héraðsdóms í sakamálinu þar til honum var fylgt úr landi 23. mars 2018, 15 dögum eftir dómsuppsöguna. Gagnáfrýjandi hefur staðhæft að hann hafi ekki getað yfirgefið landið, en héraðssaksóknari hafi til að mynda haft dvalarleyfi gagnáfrýjanda á [...] í sínum fórum. Aðaláfrýjandi hefur byggt á því að gagnáfrýjanda hafi verið heimilt að yfirgefa landið strax eftir dómsuppsögu og vísar meðal annars um það til tölvupósts embættis héraðssaksóknara 9. mars 2018, í tilefni af fyrirspurn verjanda um heimild gagnáfrýjanda til að hverfa úr landi. Í umræddum tölvupósti er tekið fram af hálfu héraðssaksóknara að gagnáfrýjanda sé frjálst að fara úr landi nú þegar dómur liggir fyrir, þrátt fyrir að talsverðar líkur séu á því að honum verði áfrýjað. Þá er tekið fram að lögregla hafi lagt hald á vegabréf gagnáfrýjanda við komu hans til landsins. Inn í vegabréfinu hafi verið dvalarleyfisvottorð, að því er virtist útgefið á [...]. Vegabréfið hafi ásamt dvalarleyfisvottorðinu verið í vörslu yfirlögregluþjóns allt þar til dómur hafi fallið í héraði. Þá hafi hvort tveggja verið afhent gagnáfrýjanda. Önnur gögn séu ekki hjá lögreglu. Að virtum þessum gögnum hefur gagnáfrýjandi ekki tekist sönnun þess að dvalarleyfisvottorð hans, útgefið á [...], hafi verið í vörslum lögreglu og sú staðreynd hamlað för hans af landi brott. Verður því ekki fallist á kröfu gagnáfrýjanda um miskabætur í 15 daga, vegna þess að hann hafi verið hindraður í því að komast úr landi.

- 13 Að því er fjárhæð miskabóta varðar vegna gæsluvarðhaldsvistar að ósekju þykir mega hafa hliðsjón af athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 128/2019, um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017, sem og dómvenju á þessu réttarsviði. Að því virtu þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 19.000.000 króna, með vöxtum í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda.
- 14 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verða staðfest.
- 15 Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.
- 16 Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 22. ágúst 2019 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í málinu sem takmörkuð var við rekstur þess fyrir héraðsdómi. Með vísan til 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nær gjafsóknin einnig til málskostnaðar gagnáfrýjanda fyrir Landsrétti. Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði eins og nánar greinir í dómsorði, þar með talin þóknun lögmanns hans.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, A, 19.000.000 króna, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 7. mars 2018 til 17. mars 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Kristins Hallgrímssonar, 1.500.000 krónur.

Dómur Héraðsdómur Reykjavíkur 17. mars 2021

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Mál þetta er höfðað 22. janúar 2020 af A, sem fæddur er [...], [...], [...], [...] gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefnda verði gert að greiða honum 71.097.734 krónur, til vara að stefnda verði gert að greiða honum 31.800.734 krónur og til þrautavara að stefnda verði gert að greiða honum 28.637.288 krónur. Í öllum tilvikum krefst stefnandi að stefnda verði gert að greiða vexti af dæmdri fjárhæð frá 23. mars 2018 til dómsuppsögu samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess jafnframt krafist í öllum tilvikum, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað án tillits til gjafsóknar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og þá málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá felldur niður.

Við upphaf aðalmeðferðar lagði stefnandi fram leiðréttu kröfugerð frá stefnu vegna mistaka sem gerð voru við innslátt í tölvureikni, þar sem dagafjöld var rangt tilgreind. Hafði þetta áhrif til hlutfallslega lítillar hækkunar á dómkröfum stefnanda. Stefndi mótmælti þessari breytingu ekki, þar sem hún raskaði ekki grundvelli málsins sem slíkum en áréttaði að breytingin hefði engin áhrif á málsástæður stefnda til sýknu eða til stuðnings verulegrar lækkunar dómkrafna. Afstaða stefnda fæli þannig í sér enga viðurkenningu á kröfum stefnanda. Málið var dómtekið eftir aðalmeðferð þess fimmtudaginn 19. nóvember sl. Vegna veikinda og annríkis m.a. sem tengdist farsótt varð ekki af dómsuppkvaðningu innan lögmæltis frests samkvæmt 115. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Fór því fram munnlegur málflutningur að nýju föstudaginn 12. febrúar sl. og málið dómtekið eftir það.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur, B deildarstjóri stoðeildar hjá Ríkislögreglustjóra, C, sviðstjóri rannsóknarsviðs héraðssaksóknara og D, lögreglufulltrúi hjá héraðssaksóknara, allir einkum um dvöl stefnanda hér á landi eftir uppsögu héraðsdóms 8. mars 2018 og þar til hann yfirgaf landið.

Helstu málsatvik

Með ákæru útgefni 20. september 2017 á hendur fjórum einstaklingum, þar á meðal stefnanda þessa máls, voru þau öll ákærð samkvæmt 1. lið ákæru, fyrir peningaþvætti í sameiningu, eins og segir efnislega í ákæru, með því að hafa í janúar og febrúar 2016 tekið við 31.600.000 krónum af ótilgreindum aðila, geymt fjármunina á bankareikningum, nýtt að hluta, flutt að hluta, sent að hluta til Ítalíu og millifært 20.500.000 krónur af umræddu fé á bankareikning félagsins FA Ltd. í Hong Kong, þrátt fyrir að þau hafi mátt vita að um væri að ræða ólöglega fengið fé. En um var að ræða fé sem ótilgreindur aðili var sagður hafa komist yfir með fjársvikum í tengslum við viðskipti félaganna G Ltd. í Suður Kóreu og J hf.

Stefnanda var undir þessum lið gert að sök að hafa skipulagt og gefið meðákærðu fyrirmæli um peningaþvættið, eftir að hann hafi komið til landsins 2. febrúar 2016, og hafi brotin þannig verið framin að hans undirlagi. Hafi hann komið til landsins gagnert til að sjá til þess að umræddir fjármunir yrðu sendir tilteknum erlendum aðilum. Þá hafi hann afhent meðákærðu tilhæfulausa reikninga sem hafi verið framvísað í Arion banka þann 8. febrúar 2017 og flutt hluta af fjármununum úr landi. Hafi honum líkt og öðrum meðákærðu mátt vera ljóst að um ólöglega fengið fé hafi verið að ræða.

Ákærvaldið taldi framangreind brot ákærðu varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi Landsréttar í máli nr. [...] /2018 staðfesti rétturinn dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S- [...] /2017, þar sem stefnandi var sakfelldur fyrir að hafa af gáleysi brotið gegn 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var stefnanda gert að sæta tveggja mánaða fangelsi, en til frádráttar refsingunni kom gæsluvarðhald sem hann sætti hér á landi frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018 að fullri dagatölu. Á báðum dómstigum var stefnanda gert að greiða hluta málsvarnarlauna verjanda síns.

Grundvöll bótakröfu stefnanda kveður hann þann að hann hafi verið sviptur frelsi að ósekju þar sem hann þurfti að sæta gæsluvarðhaldi og farbanni mun lengur en sú refsing var, sem honum hafi síðan verið gert að sæta samkvæmt dómi.

Fyrir liggur að vegna málsins var, að kröfu íslenskra yfirvalda, handtökuskipun gefin út á Ítalíu vegna rannsóknar á málinu en krafan var samþykkt með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 2016, þar sem kveðið var á um að handtaka skyldi stefnanda þar sem í hann næðist. Stefndi var handtekinn

á Ítalíu 14. febrúar 2017 og daginn eftir fór Héraðssaksóknari fram á framsal hans til Íslands. Ítölsk stjórnvöld samþykktu 3. júlí s.á. framsal stefnanda og var það staðfest 10. júlí af áfrýjunardómstóli í [...]. Vegna gagnaöflunar var frestur til að flytja stefnda úr landi framlengdur 4. ágúst af áfrýjunardómstólum til 18. ágúst 2017. Fjórum dögum síðar fór dómsmálaráðuneytið fram á að ríkislögreglustjóri myndi skipuleggja framsal og flutning á stefnanda. Stefnandi kom svo í fylgd íslenskra lögreglumanna til Íslands 17. ágúst 2017 og var þá hnepptur í gæsluvarðhald.

Ágreiningslaust er að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi hér á landi frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018 og síðan farbanni frá þeim degi, þar til dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 8. mars 2018. Stefnanda var fylgt úr landi 23. mars 2018..

Rétt þykir að rekja aðdraganda málsins ögn nánar.

Stefnandi er fæddur í [...] en hefur búið á [...] um árabil. [...]. Hann er giftur en barn hans úr fyrra sambandi býr í [...]. Sökum bágs efnahagsástands og mikils atvinnuleysis í heimalandinu, kveðst hann ekki hafa haft tók á því af flytja aftur til [...].

Stefnandi kom til Íslands 2. febrúar 2016 að sögn að beiðni vinar síns, sem hafði óskað eftir því að hann myndi tryggja að nánar tilgreindir fjármunir kæmst úr landi. Íslenskir dómstólar hafi talið, að sögn stefnanda, að hann hefði mátt vita að fjármunirnir væru ávinningur af refsiverðu broti. Stefnandi fór úr landi þann 10. febrúar 2016 með, eins og hann sjálfur greinir frá, óverulega fjármuni með sér.

Eftir þetta kveðst stefnandi ekkert hafa heyrt af málinu þar til hann var handtekinn á flugvelli á Ítalíu þann 14. febrúar 2017, að beiðni íslenskra yfirvalda, við komu úr heimsókn frá ættingjum í [...].

Þann 11. júlí 2017 féllust ítalskir dómstólar á kröfu íslenskra yfirvalda um framsal. Stefnandi kveðst hafa dvalið í gæsluvarðhaldi á Ítalíu allan þann tíma sem meðferð málsins tók. Það hafi ekki verið fyrir en mánuði síðar, sem fulltrúar ríkislögreglustjóra hafi sótt hann til Ítalíu eða 15. ágúst 2017.

Þann 17. ágúst 2017 gaf stefnandi skýrslu hjá lögreglu og var í kjölfarið gert að sæta gæsluvarðhaldi. Þá ákvörðun kærði stefnandi ekki til Hæstaréttar enda vildi hann að sögn sýna samstarfsvilja.

Stefnandi gaf svo aftur skýrslu hjá lögreglu þann 24. ágúst 2017. Ákæra í málinu var gefin út 20. september 2017 og málið þingfest 13. október 2017.

Aðalmeðferð í málinu fór fram dagana 7. og 11. desember 2017 og var málið þá dómtekið. Málið var endurflutt 23. febrúar 2018 og dómur kveðinn upp þann 8. mars 2018 eða tæplega 13 mánuðum eftir að stefnandi var handtekinn á Ítalíu.

Þegar ljóst hafði orðið, að stefnandi hafði afplánað dæmda refsingu að fullu, reyndi hann að sögn að komast úr landi án tafar. Það hafi reynst ófært, því að íslensk yfirvöld hafi gert kröfu um að honum yrði vísað úr landi og gert að sæta endurkomubanni. Þrátt fyrir að stefnandi hefði að sögn afsalað sér öllum rétti til að mótmæla þeim kröfum eða áfrýja, hafi honum ekki verið fylgt úr landi fyrir en þann 23. mars 2018 eða 15 dögum eftir að dómur héraðsdóms hafi legið fyrir. Stefndi mótmælir þessu eindregið og styður það gögnum málsins, að ekkert hafi staðið í vegi stefnanda fyrir því að yfirgefa landið strax eftir uppkvaðningu dómsins.

Þann 28. mars 2018 gaf ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu. Ákærvaldið lagði svo fram greinargerð fyrir Landsrétti þann 14. nóvember 2018. Greinargerð stefnanda var lögð fram 27. nóvember sama ár. Aðalmeðferð málsins fór fram þann 26. mars 2019 en endurflytja þurfti málið vegna vanhæfis eins

dómara Landsréttar þann 17. maí 2019. Með dómi Landsréttar í máli nr. [...] /2018, [...] maí 2019, var öllum meðákærðu gert að sæta þyngri refsingu en refsing stefnanda var óröskuð frá héraðsdómi.

Með bréfi 22. ágúst 2019 var veitt gjafsókn vegna málshöfðunar gegn íslenska ríkinu, til heimtu bóta fyrir sviptingu frelsis að ósekju, vegna rannsóknar og dómsmeðferðar í sakamáli.

Með bréfi 7. október 2019 sendi stefnandi ríkislögmanni sáttarboð um greiðslu miska- og skaðabóta fyrir sviptingu frelsis að ósekju vegna rannsóknar og dómsmeðferðar í sakamáli og skaðabóta fyrir tapaðar atvinnutekjur af sömu ástæðum.

Með bréfi 15. október 2019 tilkynnti ríkislögmaður lögmanni stefnanda að bótakrafan hefði verið send til umsagnar og vakti athygli á því að ekki væri hægt að taka afstöðu til bótaskyldu ríkisins fyrir en slík umsögn lægi fyrir. Þeirri kröfu hafði að sögn stefnanda ekki verið svarað þegar mál þetta var höfðað.

Fyrir dómi gáfu skýrslur þrjár lögreglumenn sem komu að máli stefnanda, einkum varðandi framsal hans til Íslands frá Ítalíu. Framburðar þeirra verður getið eins og þurfa þykir í niðurstöðukafla dómsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Aðalkrafa, varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda byggja allar á sömu málsástæðum.

Frá því að stefnandi kom til landsins þann 17. ágúst 2017 allt til 10. janúar 2018 hafi honum verið gert að sæta gæsluvarðhaldi. Stefnandi hafi kært alla úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar nema þann fyrsta. Hæstiréttur hafi staðfest fimm sinnum úrskurði héraðsdóms. Stefnandi kveðst hafa kært úrskurð Héraðsdóms Reykjaness frá 8. janúar 2018 til Landsréttar, sem fellt hafi gæsluvarðhaldsúrskurðinn úr gildi, en gert stefnanda að sæta farbanni. Kröfur um áframhaldandi farbann hafi svo í tvígang verið lagðar fram í Héraðsdómi Reykjaness sem féllst á þær, sem og Landsréttur. Stefnandi kveðst ætíð hafa vísað til 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þegar fjallað hefði verið um gæsluvarðhaldskröfur, ef sýnt þætti að brot, sem hann væri sakaður um, myndi aðeins hafa í för með sér sektir eða skilorðsbundna fangelsisrefsingu miðað við aðstæður. Þá hafi stefnandi bent ítrekað á, að samkvæmt sama ákvæði, þ.e. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, skuli eftir föngum gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd.

Taldi stefnandi einsýnt að þótt dómur yrði ekki skilorðsbundinn, þá yrði honum aldrei gert að sæta þyngri refsingu en þriggja mánaða fangelsi miðað við dómaframkvæmd eins og reyndin hafi svo orðið, þ.e. að stefnanda hafi verið gert að sæta 2 mánaða fangelsi vegna gáleysisbrots.

Loks hafi stefnandi bent á, þegar hann andmælti kröfum um farbann, að ákvæði 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, bæri með sér að það sama gilti um farbann, þ.e. að ekki væri heimilt að úrskurða sakborning í farbann lengur en sýnt þyki að fangelsisrefsing yrði dæmd, enda fælist í farbanni slík frelsisskerðing að eðlilegt væri að sömu takmarkanir ættu við um það, sérstaklega þegar svo háttáði eins og um stefnanda, að hann hafði engin tengsl við landið og í engin hús að venda. Því til staðfestu var bent á athugasemdir með ákvæðinu í frumvarpinu með lögnum.

Stefnandi bendir á að þvingunaraðgerðir í formi handtöku, gæsluvarðhalds og farbanns sem honum hafi verið gert að sæta, feli í sér meiri háttar skerðingu á persónufrelsi einstaklinga en slíkt frelsi sé verndað í stjórnarskrá, með lögum, mannréttindasáttmála Evrópu, og fleiri alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum. Slíkar þvingunaraðgerðir séu þær mest afgerandi sem ríkisvaldið geti beitt gegn einstaklingi og það hljóti að vera augljós krafa samfélagsins, að einstaklingar fái bætt það tjón og miska sem hljótist af þeim, þegar í ljós komi að þeim hafi verið beitt ranglega. Stefnandi hafi með

ólögmætum hætti verið sviptur frelsinu og hafi ríkisvaldið þannig brotið á hans helgustu mannréttindum.

Stefnandi byggir á því að fyrir liggi að hann hafi sætt að ósekju gæsluvarðhaldi eða sambærilegri frelsissviptingu í 269 daga og síðan í framhaldinu þurft að þola farbann á Íslandi í 57 daga. Íslenska ríkið beri að öllu leyti ábyrgð á allri þeirri frelsissviptingu sem honum hafi verið gert að sæta vegna málsins. Engu breyti í því sambandi, að hann hafi verið handtekinn af lögreglunni á Ítalíu og sviptur frelsinu þar, enda hafi þær aðgerðir verið framkvæmdar að beiðni íslenskra löggæsluyfirvalda og í þágu íslensks sakamáls. Því til staðfestu bendir stefnandi á úrskurð Landsréttar í máli nr. 73/2018, þar sem Landsréttur hafi fellt úr gildi úrskurð héraðsdóms og gert stefnanda að sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds. Í úrskurði Landsréttar hafi verið tekið fram að stefnandi hafi vegna málsins verið í gæsluvarðhaldi hér á landi í ríflega fjóra mánuði og þrjár vikur, en áður verið í haldi ítalskra yfirvalda í ríflega sex mánuði. Umræddur úrskurður Landsréttar verði ekki skilinn öðru vísi en svo að Landsréttur telji að frelsissvipting stefnanda sé á ábyrgð íslenska ríkisins.

Stefnandi byggir á því, að jafnvel þótt talið yrði að framangreindar þvingunaraðgerðir hefðu verið lögmætar eins og á stóð, þegar ákvörðun um þær var tekin, og að mat lögreglu og dómstóla um að beita þessum úrræðum hefði verið byggt á lögmætum grundvelli, breyti það engu um bótarétt hans. Bótaréttur stofnist þegar það liggi fyrir samkvæmt endanlegum dómi, að hann hafi setið í gæsluvarðhaldi og sætt farbanni í lengri tíma en sú refsing sem honum hafi verið gert að sæta samkvæmt dómi.

Stefnandi byggir jafnframt á því, að jafnvel þótt hann hafi verið sakfelldur að hluta, sé óumdeilt að þær þvingunaraðgerðir sem honum hafi verið gert að sæta og hann reisi kröfu sína á, hafi gengið of langt og að ekki hafi verið ástæða til að svipta hann frelsinu í svo langan tíma. Þannig liggi ekki fyrir að þörf hafi verið á að svipta hann frelsinu í svo langan tíma á Ítalíu vegna framsalsbeiðni, enda hafi liðið rúmur mánuður frá því að framsal hafi verið samþykkt og þar til stefnandi hafi verið sóttur til Ítalíu. Þá hafi liðið tæpur mánuður frá því hann hafi gefið seinni skýrslu sína hjá lögreglu þar til ákæra hafi verið gefin út. Málið hafi ekki verið þingfest fyrr en tæpum tveimur mánuðum eftir að ákæra var gefin út og aðalmeðferð ekki hafist fyrr en tæpum átta vikum eftir þingfestingu. Nauðsynlegt hefði reynst að endurflytja málið og dómur ekki verið kveðinn upp fyrr en 87 dögum eða tæpum þremur mánuðum eftir að málið var dómtekið. Allar þessar tafir á meðferð málsins séu óskýrðar og á ábyrgð íslenskra yfirvalda.

Þá bendir stefnandi á að hann hafi verið ítrekað úrskurðaður í gæsluvarðhald af íslenskum dómstólum og þannig gert að sæta þyngsta þvingunarræði skv. lögum. Það hafi verið skýrt brot á meðalhófsreglu 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Vægara úrræði hafi verið fyrir hendi, þ.e. farbann. Augljóst sé að með farbanni hefði verið að fullu tryggt að stefnandi yrði tiltækur þegar aðalmeðferð færi fram í málinu. Þá hafi ekki verið neitt sem benti til að hann myndi reyna að komast undan saksókn gengi hann laus. Þar fyrir utan hafi stefnandi, sem er [...] ríkisborgari, ekki haft neina möguleika á að hverfa af landi brott hefði honum verið gert að sæta farbanni. Hann hafi verið vegalaus án vegabréfs síns, sem hafi verið í vörslum héraðssaksóknara, og átt það á hættu að verða vísað úr landi á Ítalíu, ef hann hefði ekki framvísað vegabréfi sínu þar.

Á þessar málsástæður hafi ekki verið hlustað og ekki vikið að þeim einu orði í fjölmörgum úrskurðum héraðsdóms og Hæstaréttar vegna gæsluvarðhalds. Það hafi ekki verið fyrir en með úrskurði Landsréttar, 10. janúar 2018 í máli nr. 73/2018, að stefnandi hafi verið leystur úr gæsluvarðhaldi og gert að sæta farbanni með eftirfarandi rökstuðningi Landsréttar: „Samkvæmt því hefur varnaraðili verið í gæsluvarðhaldi hér á landi í ríflega fjóra mánuði og þrjár vikur, en áður verið í haldi ítalskra yfirvalda í ríflega sex mánuði. Að því gættu þykja ekki forsendur til að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi

í lengri tíma, sbr. niðurlag 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Aftur á móti er varnaraðili útlendingur og hefur ekki tengsl við landið eftir því sem fram er komið. Er því fullnægt skilyrðum b-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Verður talið fullnægjandi til að tryggja nærveru varnaraðila að honum verði gert að sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds, sbr. 1. mgr. 100. gr. laganna.“

Með hliðsjón af framangreindu; að stefnandi hafi verið sakfelldur fyrir vægara brot í tveimur af fjórum ákæruliðum og sýknaður af hinum tveimur sem og atvika allra, verði að telja að fyrir liggja bótaskylda ríkisins á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, en samkvæmt ákvæðinu eigi maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli, rétt til bóta vegna aðgerða skv. IX.-XIV. kafla laganna, hafi hann verið sýknaður með endanlegum dómi.

Stefnandi telur enn fremur að engin skilyrði séu fyrir hendi til að lækka bætur eða fella þær niður á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. laga nr. 88/2008, enda hafi hann á engan hátt valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Hann hafi verið samvinnuþýður eftir handtöku, t.a.m. samþykkt gæsluvarðhaldsvist í upphafi þegar hann kom til landsins, sem og lagt sig fram við að aðstoða lögreglu við að upplýsa málið.

Aðalkrafa

Aðalkrafa stefnanda um heimtu miska- og skaðabóta að fjárhæð 71.097.734 kr. fyrir sviptingu frelsis að ósekju vegna rannsóknar og dómsmeðferðar í sakamáli sundurliðast svo:

	Liður	Einingafjöldi	Verð per. Einingu	Fjárhæð
1.	Miskabætur fyrir gæsluvarðhald	269 dagar	200.000	53.800.000
2.	Miskabætur fyrir farbann	57 dagar	160.000	9.120.000
3.	Miskabætur fyrir hindrun til að komast úr landi	15 dagar	175.000	2.625.000
4.	Skaðabætur fyrir missi atvinnutekna	11 mánuðir	504.794	5.552.734
	Samtals fjárhæð bótakröfu			71.097.734

Stefnandi rökstyður og skýrir kröfur sínar með eftirfarandi hætti.

Miskabætur fyrir gæsluvarðhald.

Gerð er krafa um greiðslu miskabóta fyrir alla þá daga sem stefnandi sat í gæsluvarðhaldi umfram þá refsingu sem honum hafi verið gert að sæta. Stefnandi telur umræddan dagafjölda, þ.e. 269 daga, óumdeilanlegan með vísan til fyrrnefnds úrskurðar Landsréttar í máli nr. 73/2018.

Fjárhæð miskabóta 200.000 kr. fyrir hvern dag sé miðuð við dæmdar bætur í dómi Landsréttar í máli nr. 589/2018.

Stefnandi telur þá að ef taka á mið af eldri dómafordæmum þá beri að uppreikna dæmdar bætur með hliðsjón af verðlagsbreytingum og vöxtum. Með hliðsjón af óvenjulangri frelsissviptingu stefnanda að ósekju beri helst að líta dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/1980. Í því máli hafi íslenska ríkinu verið gert að greiða sakborningi, sem setið hafði í gæsluvarðhaldi í 105 daga við rannsókn á svokölluðu

Geirfinnsmáli árið 1976, 220.000 kr. í bætur eða u.þ.b. 23.000.000 kr. að núvirði, uppreiknað með vístölu og vöxtum, eða u.þ.b. 219.000 kr. fyrir hvern dag.

Stefnandi vekur athygli í málinu á því að mál stefnanda sé fordæmalaust, þar sem aldrei fyrr hafi dæmdur maður setið lengur í gæsluvarðhaldi en sú refsing hljóðaði upp á sem honum hafi síðan verið á endanum gert að sæta, skv. endanlegum dómi.

Stefnandi tekur einnig fram að honum hafi m.a. verið gert að sæta gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni innan um fanga sem hafi hlotið dóma fyrir alvarlega ofbeldisglæpi og hafi dvöl hans í fangelsi verið í alla staði ömurleg. Hann hafi sætt aðkasti vegna húðlitar síns og vegna orðróms um að hann væri [...]. Hann hafi verið einangraður þótt ekki væri hann í einangrunarvist. Hann hafi ekki fengið viðunandi lækniþjónustu vegna [...] sem hafi hrjád hann. Hann hafi lítil sem engin samskipti getað haft við fjölskyldu og engar heimsóknir fengið aðrar en frá verjanda sínum.

Fyrir mann sem aldrei hafi sætt fangelsisvist hafi fangelsisdvöl hans því verið mikil andleg og líkamleg raun.

Miskabætur fyrir farbann.

Gerð er krafa um greiðslu miskabóta fyrir alla þá daga sem stefnanda var gert að sæta farbanni eða fyrir 57 daga. Fjárhæð miskabóta, 160.000 kr. fyrir hvern dag, sé miðuð við 80% af þeirri fjárhæð sem dómstólar hafi metið sem hæfilegar bætur sbr. framangreint, sökum þess að almennt sé talið að farbann sé vægara þvingunarúrræði en vistun í fangelsi.

Miskabætur fyrir hindrun til að komast úr landi.

Gerð er krafa um greiðslu miskabóta fyrir alla þá daga sem stefnanda hafi verið meinað að yfirgefa Ísland eftir að dómur í máli hans féll og fyrir hafi legið að hann hafði þegar afplánað þá refsingu sem hann hafi verið dæmdur til, nánar tiltekið frá 8. mars 2018 til 23. mars 2018, eða fyrir 15 daga. Fjárhæð miskabóta, 180.000 kr. fyrir hvern dag, sé miðuð við 90% af þeirri fjárhæð sem dómstólar hafi metið sem hæfilegar bætur fyrir hvern dag frelsissviptingar.

Þegar ljóst hafi verið í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjaness 8. mars 2018, að stefnandi hafði þegar tekið út sína refsingu samkvæmt dóminum, hafi strax verið leitað til héraðssaksóknara og þess krafist, að embættið tryggði að stefnandi kæmist til síns heima án tafar og greiddi ferðakostnað hans. Jafnframt að embættið bæri allan kostnað af dvöl hans á Íslandi frá og með dómssuppsögudegi. Í því fælist að útvega honum dagpeninga í samræmi við reglur um dagpeninga opinberra starfsmanna og viðunandi hótalgistingu. Þeirri kröfu hafi verið hafnað og stefnandi því þurft að leita á náðir félagsmálayfirvalda og sætta sig við að deila herbergi á gistiheimili og leita á náðir góðgerðarfélaga til að fá mat. Embætti héraðssaksóknara hafi hins vegar lýst því yfir, að stefnanda væri heimilt að yfirgefa landið á eigin kostnað. Því hafi stefnandi leitað á náðir vina og vandamanna sem hafi verið reiðubúnir að greiða fyrir hann flugmiða heim til [...]. Hins vegar hafi íslensk yfirvöld týnt dvalarleyfi hans og því ekki ljóst hvort hann kæmist aftur til [...]. Stefnandi hafi samt ákveðið að láta á það reyna og hafi héraðssaksóknara verið tilkynnt um þau áform. Hafi honum þá verið tilkynnt að honum væri óheimilt að yfirgefa landið, þar sem unnið hafi verið að því að vísa honum úr landi og gera honum að sæta farbanni. Þrátt fyrir að stefnandi hafi afsalað sér öllum rétti til að andmæla eða áfrýja slíkum kröfum, hafi það ekki verið fyrr en þann 24. mars 2018 sem honum hafi verið fylgt úr landi. Stefnandi hafi því þurft að sæta því, að vera fastur á Íslandi við slæman aðbúnað í 15 daga, þrátt fyrir að hafa afplánað refsingu sína að fullu. Með hliðsjón af málavöxtum öllum, sé framkomin krafa hans, um að honum verði greiddar miskabætur sem svari til 90% af þeirri fjárhæð sem dómstólar hafi metið að menn eigi rétt á fyrir frelsissviptingu, hófleg.

Skaðabætur fyrir missi atvinnutekna.

Líkt og áður sé getið hafi stefnandi verið með eigin rekstur sem fólgin hafi verið í sölu á fatnaði og vefnaðarvöru. Eins og gefi að skilja, hafi sá rekstur lagst af þegar stefnandi hafi verið hnepptur í gæsluvarðhald á Ítalíu.

Fyrir liggir að stefnandi hafi misst samtals 13 mánuði úr vinnu vegna frelsissviptingar þeirrar sem honum hafi verið gert að sæta. Gerð sé krafa um bætur vegna tapaðra atvinnutekna í 11 mánuði, þ.e. að frádrögnum tveimur mánuðum, sem stefnandi hefði hugsanlega þurft að sitja af sér. Hafa beri hér í huga, að ef hann hefði verið búsettur hérlandis, hefði hann að öllum líkindum ekki þurft að sæta neinum þvingunarúrræðum. Því til staðfestu sé bent á að öðrum sakborningum í umræddu sakamáli, hafi ekki verið gert að sæta gæsluvarðhaldi eða farbanni nema í mjög takmarkaðan tíma. Þá verði að telja líklegt, að stefnandi hefði getað tekið út refsingu sína í samfélagsþjónustu. Hann hefði því að öllum líkindum orðið fyrir óverulegu tekjutapi. Tapið hafi hins vegar orðið mikið vegna lokunar eigin reksturs.

Þar sem stefnandi, eðli málsins samkvæmt, gat ekki talið fram til skatts vegna tveggja tekjuára, þar sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldi, geti hann ekki lagt fram skattframtöl til að byggja undir kröfu sína um bætur vegna missis atvinnutekna. Krafa stefnda miði því við meðalmánaðarlaun á [...] skv. heimasíðu Salary Explorer en samkvæmt heimasíðunni séu meðalmánaðarlaun á [...] 3.715 EUR eða u.þ.b. 504.794 kr. Sé heildarkrafa stefnanda miðuð við þá fjárhæð margfölduð með þeim mánaðafjölda sem hann hafi ekki starfað vegna frelsissviptingar, eða í ellefu mánuði.

Varakrafa

Varakrafa stefnanda um heimtu miska- og skaðabóta að fjárhæð 31.800.734 kr. fyrir sviptingu frelsis að ósekju vegna rannsóknar og dómsmeðferðar í sakamáli sem byggir á öllum sömu málsástæðum og aðalkrafa sundurliðast svo:

	Liður	Einingafjöldi	Verð per. einingu	Fjárhæð
1.	Miskabætur fyrir gæsluvarðhald	269 dagar	80.000	20.520.000
2.	Miskabætur fyrir farbann	59 7 dagar	64.000	3.648.000
3.	Miskabætur fyrir hindrun til að komast úr landi	15 dagar	72.000	1.080.000
4.	Skaðabætur fyrir missi atvinnutekna	11 mánuðir	504.794	5.552.734
	Samtals fjárhæð bótakröfu			31.800.734

Munurinn á aðalkröfu og varakröfu stefnandi sé sá, að í stað þess að byggja grunnfjárhæð kröfu sinnar á fordæmum dómstóla, sé fjárhæð miskabóta 80.000 kr. fyrir hvern dag, miðuð við þá fjárhæð sem ríkið sjálft hafi metið sem hæfilegar bætur fyrir hvern dag frelsissviptingar sem sakborningar í svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmáli þurftu að sæta, sbr. lög nr. 128/2019, um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017. Stefnandi telur að með umræddri lagasetningu sé ríkið búið að fastsetja lágmarksbætur í málum sem þessu. Líkindi séu með málunum, þ.e. sakborningar séu sakfelldir fyrir smávægileg brot, en sitji í fangelsi langtum lengur en tilefni hafi verið til.

Að öðru leyti vísist til skýringa við einstaka liði varakröfu stefnanda, til skýringa við sömu liði aðalkröfu hans og eigi allar sömu málsástæður við.

Þrautavarakrafa

Fallist dómurinn ekki á aðal- eða varakröfu stefnanda að fullu gerir stefnandi þá kröfu að honum verði greiddar samtals 28.637.288 kr. sem sundurliðast svo:

	Liður	Einingafjöldi	Verð per. einingu	Fjárhæð
1.	Miskabætur fyrir gæsluvarðhald	269 dagar	80.000	21.520.000
2.	Miskabætur fyrir farbann	57 dagar	64.000	3.648.000
3.	Miskabætur fyrir hindrun til að komast úr landi	15 dagar	72.000	1.080.000
4.	Skaðabætur fyrir missi atvinnutekna	11 mánuðir	217.208	2.389.288
	Samtals fjárhæð bóta			28.637.288

Munurinn á þrautavarakröfu stefnanda og varakröfu hans sé sú að í kröfu um bætur vegna missis atvinnutekna sé hér miðað við fjárhæð grunntvinnuleysisbóta á Íslandi árið 2017, þ.e. 217.208 kr. í stað meðallauna á [...] eins og gert sé í aðal- og varakröfu hans. Að öðru leyti sé þrautavarakrafa stefnanda sú sama og varakrafa hans og til skýringar á einstökum kröfuliðum sé vísað til varakröfunnar.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi, að stefnda verði gert að greiða vexti af dæmdri fjárhæð frá þeim degi er stefnanda var vísað úr landi, þ.e. frá 23. mars 2018 til dómsuppsögu samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess jafnframt krafist í öllum tilvikum, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað við rekstur þessa dómsmáls, að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, án tillits til gjafsóknar.

Til stuðnings kröfu sinni um bætur, vísar stefnandi til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá vísar stefnandi til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt hafi verið lagagildi á Íslandi með lögum nr. 62/1994, og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. auglýsingu nr. 10/1979, og almennra skaðabótareglna. Jafnframt vísar stefnandi til ákvæðis 246. gr. laga nr. 88/2008.

Málástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir því sem fram komi í stefnu málsins. Þar sé ranglega staðhæft að dómur Landsréttar í málinu hafi staðfest héraðsdóm með þeim hætti að stefnandi hefði verið „sýknaður af tveimur ákæruliðum ákæru en sakfelldur fyrir að hafa af gáleysi brotið gegn 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, í hinum tveimur ákæruliðunum“.

Þetta skipti miklu máli við úrlausn þess ágreiningsefnis sem hér sé fengist við. Hið rétta sé að stefnandi hafi ekki verið sýknaður af neinum sakargiftum í þessu máli heldur þvert á móti sakfelldur fyrir þann verknað sem ákæra varðaði gagnvart honum, enda þótt háttsemi hans væri virt sem gáleysisbrot í dómi Landsréttar og því felld undir 4. mgr. 264. gr. alm. hgl. fremur en 1. mgr. sömu lagagreinar.

Sakargiftir samkvæmt ákæru í málinu, hafi þannig verið settar fram í tveimur köflum, I og II. Einungis kafli I hafi hér þýðingu þar sem hann hafi beinst að öllum ákærðu í sameiningu, þ.m.t. stefnanda, en hinn ákærukaflinn einungis að öðrum en stefnanda. Sakargiftir samkvæmt ákærukafla I hafi beinst að öllum ákærðu fyrir peningabætti í sameiningu, þ.e. gegn þeim öllum sem aðalmönnum. Brotinu hafi verið lýst í aðalatriðum varðandi tímasetningu, fjárhæð og þá háttsemi sem fella bæri undir peningabætti, þ.e. viðtöku, geymslu og ýmsar ráðstafanir með fjármuni. Að því er varðaði hina verkskiptu aðild ákærðu var svo verknaðarþáttum í brotinu nánar lýst í tölulíðum 1-7 í ákærukaflanum gagnvart hverju og einu þeirra.

Tölulíður 7 hafi lotið að verknaðarþáttum stefnanda. Hafi háttsemi hans þar verið svo lýst, í aðalatriðum, að hann hefði skipulagt og gefið fyrirmæli um peningabættið sem hefði verið framið að undirlagi hans, komið til landsins gagnert til að sjá til þess að peningarnir yrðu sendir tilteknum erlendum aðilum, afhent meðákærðu tilhæfulausa reikninga sem nánar var lýst og flutt hluta af fjármuninum úr landi. Í dómi héraðsdóms hafi talist ósannað að brotin hefðu verið framin að undirlagi stefnanda og að hann hefði afhent meðákærðu tilhæfulausa reikninga. Á hinn bóginn hafi önnur atriði í verknaðarlýsingu varðandi hann þótt sönnuð og þar með sekt hans af brotinu. Í beinu framhaldi hafi héraðsdómur heimfært brotið undir 4. mgr. 264. gr. alm. hgl. sem gáleysisbrot, líkt og brot allra meðákærðu í héraði, með vísan til réttarfarssjónarmiða sem dómurinn hafði áður fjallað um og áleit binda kröfugerðina við gáleysisbrot. Þau atriði þurfi því ekki frekari umfjöllun í þessu máli.

Landsréttur hafi snúið niðurstöðu héraðsdóms varðandi heimfærslu á brotum meðákærðu undir gáleysisákvæðið í 4. mgr. 264. gr. alm. hgl. og heimfært þess í stað háttsemi þeirra undir 1. mgr. sem ásetningsbrot. Að því er varðaði stefnanda, sbr. efnisgrein 34 í dóminum, hafi ákæruvaldið einnig krafist sakfellingar fyrir ásetningsbrot en þó unað við framangreint sönnunarmat héraðsdóms á verknaðarþáttum ákærunnar gagnvart honum, þ.e. einungis stóðu þá eftir þeir tveir verknaðarþættir sem héraðsdómur taldi sannaða samkvæmt framangreindu. Landsréttur hafi leyst úr þætti ákærða, stefnanda, með eftirfarandi rökstuðningi:

„Hvað ákærða A varðar þykja gögn málsins, framburður hans og annarra ákærðu ekki hafa leitt í ljós, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að hann hafi vitað eða að honum hafi ekki getað dulist að umræddir fjármunir, sem honum var ætlað að fylgja eftir að væru fluttir frá landinu, væru ávinningur af refsiverðu broti. Hins vegar fá þær skýringar sem hann gaf fyrir héraðsdómi á tilgangi ferðar sinnar hingað til lands og sú mynd sem hlaut að blasa við honum af flutningi fjármunanna til Íslands, meðferð þeirra hér á landi og flutningi þeirra úr landi, svo illa samræmst því að fjármunirnir ættu lögmætan uppruna að ekki fer á milli mála að ákærði A mátti vita að svo væri ekki. Að því gættu telst ákærði A hafa gerst sekur um peningabætti af gáleysi hvað varðar þá verknaðarþætti ákæru sem í héraðsdómi voru réttilega taldir sannaðir og verður brot hans að því leyti heimfært undir 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.“

Niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu stefnanda fyrir peningabætti af gáleysi hafi þannig verið staðfest efnislega með þessum rökstuðningi.

Áréttta beri að niðurstaða af eða á í sakamáli um einstök sönnunatriði í verknaðarlýsingu, þar á meðal um hluta sönnunatriða af fleirum eins og hér hafi átt við, jafngildi að sjálfsögðu ekki ein og sér sýknu af viðkomandi sakarefni, hvað þá þegar aðrir og tengdir verknaðarþættir sem teljast sannaðir leiði til sakfellingar, eins og raunin hafi verið í þessu máli. Einnig liggja fyrir, sbr. efnisgrein 18 í dómi Landsréttar, að sakamálaögin áskilji ekki að í ákæru komi fram lýsing á huglægri afstöðu ákærða til verknaðar sem ákært sé fyrir. Úrlausn um saknæmi sé þannig ekki háð verknaðarlýsingu heldur á sjálfstæðu forræði dómstóla og í raun málflutningsatriði í sakamáli.

Af framangreindu verði ráðið að dómsúrlausnir varðandi sekt stefnanda hafi verið samsvarandi á báðum dómstigum. Einnig að hann hafi alls ekki verið sýknaður af neinum sakargiftum í málinu

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. sakamálalaga eigi maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi, án þess að það hafi byggst á ósakhæfi. Lagaskilyrði fyrir því að hin hlutlæga bótaregla geti átt við, séu þannig skýr og ótvíræð. Þá sé skýrlega að orði kveðið í frumvarpsathugasemdum með 228. gr. að bætur skv. 2. mgr. komi aðeins til álita ef skilyrði 1. mgr. séu fyrir hendi. Löng dómaframkvæmd staðfesti þetta.

Samkvæmt framangreindu liggi fyrir að stefnandi hafi ekki verið sýknaður í umræddu sakamáli, hvorki í heild né að hluta, heldur þvert á móti sakfelldur. Þegar af þeirri ástæðu séu skilyrði 1. mgr. 246. gr. sakamálalaga ekki uppfyllt fyrir bótum samkvæmt hlutlægrri bótareglu 2. mgr. sömu lagagreinar. Ákvæðið komi því ekki til greina sem grundvöllur úrlausnar um bótakröfu stefnanda.

Stefndi byggir á því að bótagrundvöllur málsins sé að öðru leyti verulega vanreifaður. Aðeins undir lagarökum í stefnu séu almennar skaðabótareglur nefndar til sögunnar.

Í málinu komi ekki til greina annar bótagrundvöllur en almennar reglur skaðabótaréttar, samanber framangreint. Í því felist m.a. að stefnandi þurfi í öllum tilvikum að sýna fram á meint tjón og umfang þess sem og sök starfsmanna ríkisins í aðgerðum þess í málinu gagnvart stefnanda, þ.e. ásetning eða gáleysi þeirra til athafna sem valdið hafi stefnanda meintu tjóni eða miska. Jafnframt að sýna fram á orsakasamband þarna á milli og að tjónið sé þá sennileg afleiðing af umræddum athöfnum. Engum af þessum skilyrðum sé fullnægt. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu sem bótakröfu hans viðkomi.

Óumdeilt sé að stefnandi kom hingað til lands 2. febrúar 2016 og yfirgaf landið aftur tæpri viku síðar, 8. febrúar. Með sakfellingu stefnanda í dómi Landsréttar hafi því verið slegið föstu að „ekki færi milli mála“ að hann hefði mátt vita að fjármunir sem málið varðaði ættu sér ekki lögmætan uppruna. Í því sambandi hafi verið skírskotað til skýringa sem hann hafi gefið fyrir héraðsdómi á tilgangi ferðar sinnar hingað til lands og þeirrar myndar sem „hlaut að blasa við honum“ af flutningi fjármunanna til og frá Íslandi og meðferð þeirra hér á landi.

Dómsúrlausn Landsréttar um þessi atvik hafi fullt sönnunargildi um þau þar til hið gagnstæða sannist, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008. Óþarft megi því telja að rekja sérstaklega umrædd atvik með hliðsjón af sönnun um tilgang komu stefnanda til landsins og athafna hans hér, heldur vísist nánar til niðurstöðu og gagna Landsréttarmálsins um þau efni. Samandregið megi segja að þau sýni með afar skýrum og ótvíræðum hætti fram á það sem Landsréttur hafi talið sannað samkvæmt framangreindu.

Þar fyrir utan bendir stefndi á atriði varðandi háttsemi stefnanda sem ekki sé fjallað sérstaklega um eða tekin afstaða til í dómum héraðsdóms eða Landsréttar í málinu og varði framlagningu eins ákærða af svokölluð „SnapChat“ samskiptum. Gögnin hafi verið lögð fram eftir að sá hafði gefið skýrslu fyrir héraðsdómi. Í þeim framburði hafi hann lýst því að í tengslum við meðferð hans og meðákærðu á fjármunum sem málið varðaði, hefðu honum borist skilaboð frá stefnanda, hótanir af hálfu stefnanda og hinna erlendu manna sem hann mun hafa komið fram fyrir, ásamt fleiru, sbr. nánari lýsingu í greinargerð stefnda.

Landsréttur hafi samkvæmt framangreindu slegið því föstu að stefnandi hafi við komu og athafnir sínar hér á landi í byrjun febrúar 2016 verið meðsekur, af refsiverðu gáleysi, í því peningaþvættisbroti sem I. kafla ákæru í málinu hafi varðað. Ákvæði 4. mgr. 264. gr. alm. hgl. áskilji ekki stórfellt gáleysi fyrir refsíabýrgð og því geta öll stig gáleysis nægt almennt séð.

Af skrifum fræðimanna verði ráðið að í forsendum Landsréttar fyrir sakfellingu stefnanda sé lýst meðvituðu gáleysi og enn fremur að það gáleysi beri að telja að hafi verið stórfellt í ljósi allra atvika að öðru leyti.

Þessu til viðbótar, óháð orðalagi Landsréttardómsins, sé einnig bent á að í refsirétti séu neðri mörk refsiverðs gáleysis talin liggja nokkru ofar en gáleysismörk skaðabótaskyldu. Í málinu hafi það þá þýðingu að sé það virt út frá einkaréttarlegum grundvelli bótamáls verði stefnandi væntanlega ávallt talinn hafa sýnt af sér meðvitað eða stórfellt gáleysi í skilningi skaðabótaréttar.

Í einkamáli þessu, sem sé sjálfstætt frá sakamálinu, sé ekkert því til fyrirstöðu að færa fram frekari sönnur á huglæga afstöðu stefnanda umfram það sem gert hafi verið í sakamálinu, a.m.k. svo lengi sem það byggist á gögnum sem ekki hafi verið tekin bein og efnisleg afstaða til í dómsúrlausnum héraðsdóms og Landsréttar.

Stefndi telur samkvæmt þessu að leggja verði til grundvallar í málinu að stefnandi hafi átt mikla og afgerandi eigin sök á þeim þvingunarúrræðum sem hann hafi verið beittur og öðrum athöfnum ríkisins gagnvart honum vegna rannsóknar og dómsmeðferðar málsins.

Vilji svo ólíklega til að 246. gr. sakamálalaga verði talin eiga við telur stefndi því að fella eigi niður bætur þar sem stefnandi hafi valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi bótakröfu sína á, sbr. 2. ml. 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga. Verði almenna sakarreglan talin eiga við þá telur stefndi jafnframt að fella eigi niður bætur vegna eigin sakar hans. Vísist í báðum tilvikum til þeirra þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan.

Stefnandi byggir í stefnu á því að íslenska ríkið beri ábyrgð á allri frelsissviptingu sem honum hafi verið gert að sæta vegna málsins. Fjallað verði því nánar um alla daga frelsissviptingar en fyrst þann tíma sem stefnandi hafi verið sviptur frelsi á Ítalíu.

Óskað hafi verið eftir framsali stefnanda með vísan til Evrópuráðssamnings um framsal sakamanna frá 13. desember 1957 með bréfi, 16. febrúar 2017, til ítalska dómsmálaráðuneytisins. Áður hafi stefnandi verið eftirlýstur í Schengen upplýsingakerfinu og Interpol, að beiðni embættis héraðssaksóknara til ráðuneytisins, 4. apríl 2016. Þann 14. febrúar 2017 hafi stefnandi verið handtekinn á Ítalíu á grundvelli svokallaðs smells í Schengen upplýsingakerfinu. Grundvöllur framsalsbeiðninnar hafi verið meint brot gegn 155. gr., 248. gr. og 264. gr. alm. hgl.

Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984 fjalli um þau skilyrði og málsmeðferð sem beri að fara eftir við meðferð framsalsmála hér á landi. Löggin fjalli hins vegar ekki um það ferli sem við eigi þegar óskað sé framsals hingað til lands, enda fari sú málsmeðferð eftir lögum viðkomandi ríkis hverju sinni. Evrópuráðssamningurinn um framsal sakamanna frá 1957 hafi hins vegar verið grundvallarsamningur milli ríkja um framsal sakamanna og séu skilyrði hans sett fram í lögum nr. 13/1984. Í 3. gr. laganna sé fjallað um skilyrði framsals, en skv. 1. mgr. sé framsal á manni aðeins heimilt ef verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Samkvæmt 2. mgr. sé framsal til meðferðar máls einungis heimilt ef tekin

hefur verið ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá, sem óskað er framsals á, skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknað. Sambærileg skilyrði séu sett fram í 2. gr. Evrópuráðssamningsins. Í þessu tiltekna máli hafi legið til grundvallar framsali, handtökuskipun dómara og hafi stefnandi verið grunaður um brot gegn 155. gr., 248. gr. og 264. gr. alm. hgl., sem öll geti varðað þyngri refsingu en 1 ári í fangelsi. Skilyrði eftirlýsingar til handtöku og framsals hafi því verið uppfyllt í máli þessu.

Þann 7. ágúst 2017 hafi íslensk stjórnvöld verið upplýst um að áfrýjunardómstóll í [...] hefði staðfest fyrri ákvörðun um framsal og hafi stefnandi verið fluttur til Íslands þann 16. ágúst 2017. Óhætt sé að segja að framsalsferlið hafi gengið hratt fyrir sig, en almenn málsmeðferð framsalsmála geti verið um 4 til 18 mánuðir.

Stefnandi hafi verið eftirlýstur og skráður sem slíkur af Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra samkvæmt beiðni frá dómsmálaráðuneytinu frá 8. apríl 2016. Í upplýsingum frá ríkislögreglustjóraembættinu komi fram að stefnandi hafi verið handtekinn á Ítalíu 13. febrúar 2017 og hafi þá hafist samskipti á milli landanna hjá Alþjóðadeild (sirene) varðandi framsalið sjálf. Ísland, þ.e. ráðuneytið, hafi strax sent nauðsynleg gögn til Ítalíu til að þeir gætu afgreitt málið frá sinni hlið og hafi sent staðfestingu á móttöku þeirra gagna 28. febrúar 2017.

Þann 19. maí 2017 hafi Alþjóðadeild, að beiðni ráðuneytisins, sent fyrirspurn um stöðu málsins sem hafi verið svarað 24. sama mánaðar þar sem staðfest hafi verið að málinu væri ekki lokið á Ítalíu og þau myndu láta vita um leið og það lægi fyrir. Þann 14. júní 2017 hafi alþjóðadeild sent fyrirspurn um hvort viðkomandi væri enn í varðhaldi á Ítalíu. Ekkert svar hafi borist við þeirri fyrirspurn.

Þann 17. júlí 2017 hafi borist skeyti frá Ítalíu þar sem tilkynnt hafi verið að yfirvöld á Ítalíu hefðu samþykkt framsalið og að íslensk yfirvöld þyrftu að sækja manninn ekki seinna en 19. júlí 2017 eða tveimur dögum eftir þetta skeyti. Ekkert formlegt erindi hafði borist dómsmálaráðuneytinu og því hefði beiðni frá ráðuneytinu ekki borist til Ríkislögreglustjóra um að annast framkvæmd framsalsins.

Sama dag hafi verið sent skeyti til Ítalíu þess efnis að ráðuneytinu hefði ekki borist formlegt samþykki fyrir framsalinu og því óskað eftir frestun á framkvæmd framsalsins til 24. júlí 2017 með það í huga að gögnin myndu berst ráðuneytinu fyrir þann tíma. Einnig hafi verið óskað eftir að framsalið yrði framkvæmt á flugvöllinum í Mílanó vegna beins flugs þangað frá Íslandi en upphaflegt skeyti frá Ítalíu hafi hljóðað upp á að framsalið yrði framkvæmt annaðhvort í Mílanó eða Róm.

Þann 19. júlí 2017 hafi verið send ítrekun til Ítalíu á fyrra skeytinu með beiðni um formleg gögn til ráðuneytisins og að frestun á framkvæmd yrði samþykkt. Þann 3. ágúst 2017 hafi borist skeyti frá Ítalíu þar sem óskað hafi verið eftir ferðaáætlun vegna framkvæmdar framsalsins og einnig samþykkt að framsalið yrði framkvæmt á flugvöllinum í Mílanó.

Þann 4. ágúst 2017 hafi verið sent skeyti til Ítalíu þar sem áréttað hafi verið að engin formleg gögn hefðu borist ráðuneytinu og að ferðaáætlun yrði send um leið og slíkt væri komið. Óskað hafi verið eftir að frestun yrði veitt á framkvæmd framsals þangað til gögn hefðu borist.

Skeyti hafi borist 7. ágúst 2017 frá Ítalíu þar sem tilkynnt hafi verið að þeim hefðu ekki borist skeytin frá 17. og 19. júlí 2017 en óskað enn eftir ferðaáætlun.

Þann 8. ágúst 2017 hafi borist beiðni frá dómsmálaráðuneytinu um að framkvæma skyldi framsalið. Farið hafi verið strax í að búa til ferðaáætlun frá Íslandi til Ítalíu og til baka með stefnanda. Tveimur dögum síðar hafi verið send ferðaáætlun til Ítalíu sem hljóðaði upp á að fylgdarmenn færu út

15. þess mánaðar og aftur til Íslands degi síðar og framkvæmd framsalsins færi fram á flugvellingnum í Mílanó á þeim degi.

Ítalía hafi samþykkt þá ferðaáætlun sem síðan hafi verið framkvæmd og hafi viðkomandi verið færður frá Ítalíu til Íslands og afhentur samkvæmt verklagsreglum.

Stefndi telur nauðsynlegt að rekja framangreinda atburði enda byggji hann á því að hann beri enga ábyrgð á atvikum sem gerst hafi á Ítalíu og að sýkna eigi íslenska ríkið af slíkum kröfum vegna aðildarskorts. Þannig geti 246. gr. sakamálalaga aldrei tekið til þeirra tilvika enda falli aðgerðir á Ítalíu utan gildissviðs ákvæðisins. Íslenska ríkið verði ekki talið geta borið ábyrgð á annarri meðferð málsins en þeirri sem beinlínis hafi verið háð ákvörðunum manna sem starfað hafi á vegum og ábyrgð þess innan marka íslenska ríkisins.

Eins og að framan sé lýst hafi verið staðið fullkomlega eðlilega að framsalinu af hálfu íslenska ríkisins. Engri sök sé fyrir að fara af þess hálfu og séu alls ekki skilyrði til að dæma stefnanda bætur, hvorki samkvæmt 246. gr. sakamálalaga, almennum reglum skaðabótaréttar né samkvæmt öðrum réttarheimildum.

Að öllu virtu telur stefndi að meðferð framsalsmáls stefnanda, af hálfu íslenskra yfirvalda og svo langt sem þau gátu einhverju um það ráðið og borið ábyrgð á, hafi verið með fullnægjandi og eðlilegum hætti og engin atvik þar geti með réttu gefið tilefni til að telja íslenska ríkið hafa með saknæmum hætti brotið gegn réttindum stefnanda. Hið sama eigi að mati stefnda við um eftirfarandi meðferð málsins þegar stefnandi hafði verið framseldur í vörslur íslenskra yfirvalda.

Stefndi áréttar vegna málatilbúnaðar stefnanda, að 246. gr. sakamálalaga taki aðeins til þeirra þvingunarráðstafana sem þar sé lýst en ekki til meðferðar sakamáls fyrir dómi eða starfa ákærvalds. Á því sé byggt að staðið hafi verið eðlilega og löglega að allri meðferð málsins. Að mati stefnda hafi málshraði verið eðlilegur í alla staði. Þá séu heldur ekki skilyrði til að dæma stefnanda bætur fyrir framangreint samkvæmt almennum skaðabótareglum. Stefndi telur að bótagrundvöllur málsins sé verulega vanreifaður.

Það sé rangt, að stefnandi hafi sætt „að ósekju gæsluvarðhaldi eða sambærilegri frelsissviptingu“, eins og hugtakið „að ósekju“ sé almennt skilið í réttarframkvæmd á þessu sviði, sbr. það sem áður hafi verið rakið um rangfærslu í stefnu um það grundvallaratriði að stefnandi hafi að hluta verið sýknaður með dómi Landsréttar í málinu þegar rétt er að hann hafi verið sakfelldur og ekki sýknaður af neinum sakargiftum.

Þá sé staðhæft í stefnu að úrskurður Landsréttar í máli nr. 73/2018 verði ekki skilinn öðru vísi en svo að rétturinn telji að frelsissvipting stefnanda hafi verið á ábyrgð íslenska ríkisins. Ekki verði annað séð en að síðastnefnd staðhæfing stefnanda byggist einkum á að í þessum úrskurði Landsréttar hafi komið fram að stefnandi hafi „áður verið í haldi ítalskra yfirvalda í ríflega sex mánuði“. Í þessari einföldu lýsingu á staðreynd í málinu felist hvorki bein né óbein ályktun á borð við þá sem stefnandi lesi samkvæmt framangreindu út úr úrskurðinum.

Stefndi telur að ráða megi af gögnum málsins, að stefnandi sé búsettur á [...] og hafi þar haft, og hafi enn, dvalarleyfi. Telji hann að ítölsk yfirvöld hafi brotið gegn honum með einhverjum hætti við meðferð framsalsbeiðninnar verður því ekki séð að honum hafi verið ófært, eða sérstakt óhagræði af, að beina kröfum sínum, að því leyti til, að réttum aðilum, þ.e. ítölskum yfirvöldum.

Stefndi hafnar því að dómstólar hafi með einhverjum skýrum hætti getað séð fyrir svo „sýnt þykir“, sbr. orðalag 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, að fangelsisrefsing stefnanda, kæmi til sakfellingar, yrði ótvírætt styttri en gæsluvarðhald hans hafði varað. Peningaþvætti sé alvarlegt auðgunarbrot sem varðað geti allt að sex ára refsingu. Það tiltekna brot sem málið hafi varðað hafi enn fremur verið stórfellt og alvarlegt, bæði hvað varðaði fjárhæðir, verknaðaraðferðir og atvik öll, sem hafi verið sérstök og fordæmalaus í íslenskri réttarframkvæmd. Að auki hafi engan veginn verið hægt að slá föstu lengst af undir rannsókn málsins hver innbyrðis þáttur sakborninga, og síðar ákærðu, í málinu hefði í reynd verið.

Varðandi bætur þá liggi fyrir að stefnandi sat í gæsluvarðhaldi bæði á Hólmsheiði og á Litla-Hrauni. Ósannað sé hins vegar að stefnandi hafi sætt aðkasti. Ósannað sé einnig að hann hafi ekki fengið viðunandi lækniþjónustu. Engri saknæmri háttsemi opinberra starfsmanna sé því fyrir að fara í þeim efnunum.

Stefndi mótmælir því að honum hafi verið meinað að yfirgefa Ísland. Vísað sé til tölvupósts E til lögmanns stefnanda, þar sem komi m.a. fram að þegar skýrsla af stefnanda hafi verið tekin hjá lögreglu, eftir að hann hafi verið framseldur til landsins, hafi vegabréf hans verið haldlagt, en inni í vegabréfinu hafi verið dvalarleyfisvottorð sem virtist útgefið á [...]. Vegabréfið ásamt dvalarleyfisvottorðinu hafi verið í vörslu yfirlögregluþjóns allt þar til dómur hafi fallið í héraðsdómi, en þá hafi stefnanda verið afhent vegabréfið ásamt dvalarleyfisvottorðinu. Önnur gögn séu ekki hjá lögreglu. Stefndi vísar til þessa og hafnar skýringum stefnanda. Ekkert bendi til annars en að stefnandi hafi verið frjáls ferða sinna 8. mars 2018. Ósannað sé að íslensk yfirvöld hafi týnt dvalarleyfi stefnanda og komið í veg fyrir brottför hans. Eins og fram komi í framangreindum tölvupósti E hafi hann fengið vegabréf ásamt dvalarleyfisvottorði afhent eins og að framan sé lýst. Stefndi hafi í engu útskýrt af hverju hann hafi ekki farið úr landi þá þegar.

Þá hafi stefnandi uppi skaðabótakröfu fyrir missi atvinnutekna. Að mati stefnda er krafa þessi með öllu vanreifuð og ætti að mati stefnda að sæta frávísun án kröfu (ex officio). Stefndi telur ósannað að stefnandi hafi verið með eigin rekstur; reksturinn hafi lagst af þegar stefnandi hafi verið hnepptur í gæsluvarðhald á Ítalíu og reksturinn hafi orðið að engu. Ef talið verður að hann hafi verið með eigin rekstur liggi ekkert fyrir um þann meinta rekstur; ekkert skattframtal, og ekkert um að hann hafi verið í vinnu. Öllum kröfum samkvæmt þessum lið sé því hafnað.

Varakröfu sína um lækun styður stefndi við sömu málsástæður og sjónarmið og þau sem fram koma í umfjöllun um aðalkröfu hér að framan.

Stefnukrafa sé allt of há. Stefndi geri kröfu um verulega lækun stefnukröfu. Verði einhverjar af kröfum stefnanda teknar til greina sé krafist verulegrar lækunar þeirra.

Kröfu um miskabætur fyrir gæsluvarðhald sé mótmælt sem allt of hári og ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd. Eins og fyrr greini geti ábyrgð íslenska ríkisins aldrei náð til varðhalds stefnanda á Ítalíu. Stefndi hafnar rökstuðningi og fjárhæð bótakrafna samkvæmt aðal-, vara- og þrautavarakröfum stefnanda fyrir gæsluvarðhald. Stefndi mótmælir þeirri aðferð stefnanda að miða bótakröfu við lög nr. 128/2019. Lögin hafi verið sett vegna sérstakra tilvika og verði að mati stefnda ekki beitt um önnur tilvik, auk þess sem mál stefnanda sé ekki samanburðarhæft við þau mál sem lögin taki til. Því sé mótmælt sem fráleitu að með umræddri lagasetningu sé ríkið búið að fastsetja lágmarksbætur sem það beri að greiða.

Þá er kröfu um miskabætur fyrir farbann mótmælt sem allt of hárrí og ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd. Stefndi hafnar rökstuðningi og fjárhæð bótakrafna samkvæmt aðal-, vara- og þrautavarakröfum stefnanda fyrir farbanni. Stefndi mótmælir því að þeir dómur sem stefnandi vísar til í stefnu eigi við hér.

Sama eigi við um kröfu um miskabætur fyrir meinta hindrun til að komast úr landi og kröfu um skaðabætur fyrir meintan missi atvinnutekna, sem sé mótmælt.

Öllum viðmiðunargrundvelli bótakrafna stefnanda sé mótmælt, þ.m.t. einingafjárhæð vegna miskabótakrafna í sundurliðun bótakrafna en einnig sé mótmælt viðmiði stefnanda vegna bótakröfu fyrir meintan missi atvinnutekna, þ.m.t. viðmið meðalmánaðarlauna á Ítalíu og grunnatvinnuleysisbóta á Íslandi árið 2017.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda.

Niðurstaða

Í 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, er þeim er sætir þvingunarúrræðum af hálfu lögreglu tryggður bótaréttur samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins. Frumskilyrði fyrir bótarétti samkvæmt ákvæðinu, er að viðkomandi hafi verið borinn sökum í sakamáli og að mál hans hafi verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Af 2. mgr. ákvæðisins verður, sbr. framangreint, ekki annað ráðið en að bætur vegna þessa ákvæðis einskorðist við aðgerðir sem gripið er til á grundvelli IX.–XIV. kafla sömu laga, en þetta eru ákvæði sem snúa að rannsóknar- og þvingunaraðgerðum lögreglu í þágu rannsóknar máls og eftir atvikum handhafa ákærvalds, s.s. haldi á munum, leit og líkamsrannsókn, símhlustun og öðrum sambærilegum úrræðum, ýmsum rannsóknaraðgerðum öðrum, handtöku, gæsluvarðhaldi og öðrum sambærilegum ráðstöfunum, sbr. yfirskrift framangreindra sex kafla úr lögum nr. 88/2008. Þessi ákvæði, sem kveða á um bótaskyldu óháð sök, þ.e. á hlutlægum grundvelli, verða að mati dómsins ekki nýtt um önnur tilvik heldur en þau tilgreina nákvæmlega og augljóslega ekki um aðgerðir eða háttsemi sem standa alfarið utan þessara laga eða eru jafnvel ólögfest.

Sú ótvíræða bótaskylda sem þarna er kveðið á um sætir þó þeirri mikilvægu takmörkun að þótt grunnskilyrði bótaskyldu séu til staðar er hægt að fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Svo því sé haldið til haga verður ekki séð að deilt sé um að allar þær þvingunaraðgerðir sem þar til bær yfirvöld hér á landi töldu rétt að grípa til og ákveðnar voru í dómi hafi verið í þágu rannsóknar og meðferðar á því máli sem leiddi síðan til ákæru og dóms yfir stefnanda. Engar aðgerðir hafi þannig verið án tengingar við sakarefnið og við þau atvik sem ollu því að stefnandi hafði stöðu sakbornings þann tíma sem raun bar vitni. Um hvort réttmætt hafi verið á hverjum tíma að grípa til þessara eða hinna aðgerða er hins vegar deilt, sem og um hversu langan tíma allt ferlið tók, sbr. nánar síðar.

Stefnandi byggir á því að bótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna þessara aðgerða verði byggð á 1. sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Stefnandi hafi þannig verið sýknaður í skilningi ákvæðisins, sbr. áskilnað ákvæðisins fyrir bótaábyrgð að hluta fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök.

Dómurinn getur ekki fallist á að þetta skilyrði ákvæðisins sé uppfyllt, en ákvæðið verður að mati dómsins skýrt rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan, m.a. í ljósi þess að um nokkuð veigamikla undantekningu frá almennum reglum er að ræða.

Líkt og að framan er rakið, sér þess hvergi stað í niðurstöðu Landsréttar, sem er endanlegur dómur í málinu, að stefnandi hafi verið sýknaður af sakargiftum. Verður þannig ekki annað ráðið en að stefnandi hafi verið sakfelldur fyrir þann verknað sem hann var ákærður fyrir. Hins vegar, og það er ágreiningslaust, var háttsemi stefnanda, sú sem á endanum var talin sönnuð, virt honum til gáleysis og því felld undir 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga fremur en 1. mgr. sömu lagagreinar.

Dómurinn telur ekki svigrúm í bótamáli sem þessu að leggja á það mat hverju sinni þannig að áhrif hafi á grunnskilyrði bótaréttar, hvort allt í verknaðarlýsingu ákæru verði á endanum talið sannað og hvert saknæmisstig við framningu brots hafi verið.

Stefnandi var í Landsrétti sakfelldur fyrir peningabætti af gáleysi sem staðfesti þannig dóm héraðsdóms hvað hann varðaði. Verður fallist á með stefnda að niðurstaða af eða á í sakamáli um einstök sönnunaratriði í verknaðarlýsingu, þar á meðal um hluta sönnunaratriða af fleirum sem eru til umfjöllunar, eins og hér var um að ræða, jafngildi ekki ein og sér sýknu af viðkomandi sakarefni, ef aðrir og tengdir verknaðarþættir sem teljast sannaðir leiða til sakfellingar. Er enda ekki áskilið að í ákæru komi fram lýsing á huglægrí afstöðu ákærða til verknaðar sem ákært er fyrir, þótt niðurstaða dóms í þeim efnum, og þar með eftir atvikum heimfærsla og refsing, geti ráðist endanlega af úrlausn um hana.

Eins og að framan er rakið verður að líta svo á að framangreind bótaákvæði séu sérreglur sem veita sakborningi afar ríkan rétt til að sækja bætur að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins. Sá réttur er mun ríkari en einstaklingur myndi njóta samkvæmt almennum reglum, þ.e. ef ákvæðisins nyti ekki við, sbr. nánar síðari umfjöllun. Verður því ákvæðið, sbr. framangreint, ekki skýrt rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan og það verði gert að skilyrði að í dómsorði sé kveðið á um sýknu sakbornings með öllu eða eftir atvikum að hluta. Bótaábyrgð stefnda, íslenska ríkisins, verður því ekki byggð á framangreindum ákvæðum.

Stefnandi hefur þá byggt á því að sú staðreynd ein að hann hafi verið sviptur frelsi sínu mun lengur en endanlegur dómur í máli hans kvað á um baki stefnda bótaskyldu. Verður málatilbúnaður stefnanda ekki skilinn öðruvísi en svo að þegar af þeirri ástæðu beri að greiða honum bætur á hlutlægum grunni þótt hann virðist einnig byggja á að bótaskylda verði byggð á ólögmati og saknæmri háttsemi manna í þjónustu ríkisins. Stefnandi hefði að ósekju mátt gera skýrari grein fyrir þeim bótagrundvelli sem kröfur hans eru byggðar á líkt og stefndi hefur bent á. Ekki verður þó betur séð en að hann byggji á því að ef atvik málsins verða ekki heimfærð undir 246. gr., sbr. framangreint, og bótaskylda ákveðin á hlutlægum grundvelli samkvæmt því ákvæði, verði það allt að einu gert á grundvelli 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins.

Ef lítið er til þeirra mikilvægu grundvallarmannréttinda sem þar eru tryggð, verður ekki betur séð en að 1. mgr. ákvæðisins geymi skýra lagaáskilnaðarreglu þar sem segir að engan megi svipta frelsi, nema samkvæmt heimild í lögum. Í 5. mgr. segir svo að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta.

Stefndi byggir á því að umrætt ákvæði, þ.e. 5. mgr., sé einnig fyrst og fremst grunnregla um lagaáskilnað, þ.e. að hún vísi til þess að reglur sem settar séu með stöð í ákveðinu verði að birtast í settum lögum en ekki í afleiddri löggjöf.

Af dómi Hæstaréttar í máli nr. 175/2000 mætti álykta að svo væri, en þar sagði rétturinn í máli sem höfðað var til skaðabóta á grundvelli sambærilegra ákvæða eldri laga við núgildandi ákvæði í XXXIX.

kafla laga nr. 88/2008: „Hvorki ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar né 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verða skýrð svo, að með þeim sé sakborningi veittur ríkari réttur til skaðabóta en mælt er fyrir um í framangreindum ákvæðum XXI. kafla laga nr. 19/1991. Þau ákvæði ber að túlka svo að bótakröfu vegna aðgerða, sem þar eru nefndar, skuli meta með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök, sbr. lokamálslið 1. mgr. 175. gr. Einnig beri að meta með tilliti til bótaskyldu, hvort lögmæt skilyrði fyrir aðgerðum hafi verið fyrir hendi eða nægilegt tilefni til þeirra, eins og á stóð, sbr. 176. gr. laganna.“

Með lögum nr. 88/2008 var sakborningum a.m.k. að mestu leyti tryggður skýrari og afdráttarlausari réttur til skaðabóta heldur en hægt er að líta á að sakborningar hafi notið fyrir gildistíð þeirra laga. Með hliðsjón af því og vísan til framangreinds dóms Hæstaréttar sem kveðinn var jafnframt upp undir þeim kringumstæðum að bótaskylda var ekki jafn víðtæk og samkvæmt núgildandi lögum, verður að hafna því að regla 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér, í einhverjum tilvikum, sjálfkrafa hlutlæga bótaábyrgð íslenska ríkisins eins og stefnandi byggir á. Verður enda ekki séð, miðað við orðalag ákvæðisins, hvers vegna slík ábyrgð ætti þá að sæta einhverjum slíkum takmörkunum að því leytinu ef hún væri til staðar á annað borð.

Landsréttur hefur hafnað því að 5. mgr. sé einungis lagaáskilnaðarregla, heldur geymi hún sjálfstæða bótareglu, en ekki verður annað ráðið af þeirri afstöðu en að reglunni verði þá beitt þótt ekki sé í settum lögum ákvæði um bótaskyldu vegna tiltekinnar háttsemi eða atvika, þegar um frelsissviptingu að ósekju ræðir. Í dómi réttarins í máli nr. 404/2019 segir þannig efnislega að ákvæðum XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 sé ætlað að tryggja bætur með fullnægjandi hætti vegna aðgerða sem kveðið er á um í IX. til XIV. kafla laganna og í þeim tilvikum veiti 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki ríkari bótarétt. Ákvæðið geti aftur á móti verið grundvöllur bótaábyrgðar í ólögfestum tilvikum og tilvikum þegar almenn lög samrýmast ekki þeim grundvallarrétti sem þar sé kveðið á um.

Af þessu mætti ráða að tilvist framangreindra ákvæða geti þá skert réttindi bótakrefjanda frá því sem þeir ella ættu samkvæmt ákvæði stjórnarskrárinnar, þ.e. af því að ákvæðin eru þarna geti bótaréttur þeirra ekki orðið ríkari en þar greinir ef um atvik ræðir sem undir ákvæðin eiga.

Slík niðurstaða er vitaskuld ótæk þar sem með henni er gert ráð fyrir því að með almennum lögum sé hægt að skerða rétt sem tryggður er í stjórnarskrá. Því verður að líta svo á að bótaréttur eins og hann er útfærður í XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 endurspegli þau réttindi sem almennt eru tryggð með 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, þeim sem eftir bótum leita vegna frelsissviptingar að ósekju, en stjórnarskrárákvæðið veiti þannig ekki með beinum hætti ríkari rétt, almennt séð.

Eins og áður segir mætti málatilbúnaður stefnanda vera skýari, en dómurinn telur eins og málið er byggt upp af hálfu stefnanda nauðsynlegt að fjalla um hvort brotið hafi verið á stefnanda með sagnæmum og ólögmætum hætti. Ekki verður þannig betur séð en að það hafi að mati stefnanda, gerst í aðdraganda þess að hann var framseldur til Íslands, í allri meðferð málsins fyrir dómstólum, m.a. á rannsóknarstigi og til þess tíma er stefnandi yfirgaf landið 23. mars 2018. Rétt er að fjalla í fyrstu um hvort hægt sé að fella bótaábyrgð á stefnda á grundvelli almennu sakarreglunnar eða reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Stefnandi krefst í fyrsta lagi bóta frá 14. febrúar 2017, þegar hann er var handtekinn á Ítalíu, sem af gögnum máls virðist þó reyndar hafa verið degi fyrr, og til 17. ágúst það ár, þegar hann kom til Íslands og var eftir yfirheyrslu hnepptur í gæsluvarðhald sem varði allt til 10. janúar 2018 þegar hann var leystur úr gæsluvarðhaldi og settur í farbann. Dómurinn telur að ekki komi til álita að bótaskylda

Íslenska ríkisins vegna tímans áður en stefnandi er framseldur íslenskum yfirvöldum og kemur hingað til lands, verði byggð á öðru en sök. Ekki verði þannig beitt hér strangari bótareglum en reglunni um ábyrgð vinnuveitanda.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stefndi hafi ætíð brugðist við mjög tímanlega þegar aðgerðir ítalskra yfirvalda kölluðu á viðbrögð og aðgerðir. Héraðssaksóknari fór þannig fram á framsal stefnanda að því er virðist þegar eftir að vitneskja lá fyrir um handtöku hans og sendi ítölskum yfirvöldum gögn degi síðar eða 16. febrúar 2017. Ekki hefur í málinu verði sýnt fram á að staðið hafi á íslenskum yfirvöldum þegar bið verður á að ítölsk yfirvöld samþykkja framsal en það gerist ekki fyrir en í fyrstu 3. júlí 2017 og endanlega með úrskurði áfrýjunardómstóls 10. s.m. Íslenskum yfirvöldum er svo tilkynnt um framsalið 17. s.m. og óska þá eftir formlegum gögnum í stað þessa að bregðast við kröfu um að sækja stefnanda til flutnings tveimur dögum síðar. Eftir ítrekun barst skeyti frá Ítalíu 3. ágúst þar sem óskað var eftir ferðaáætlun. Enn var ítrekuð hédan, beiðni um formleg skjöl degi síðar og ítrekaðar fyrri beiðnir. Dómsmálaráðuneytið mun hafa sent staðfestingu 8. ágúst til skrifstofu Ríkislögreglustjóra um að framkvæma skyldi framsalið og þegar var hafist handa við ferðaáætlun sem send var til Ítalíu 10. ágúst. Ítölsk yfirvöld munu hafa samþykkt þá áætlun og sóttu íslenskir lögreglumenn stefnanda til Mílanó 15. ágúst og komu með hann til landsins 17. ágúst 2017. Hluti af framangreindri atburðarás er tekin upp úr gögnum stefnanda sjálfs og samantekt Ríkislögreglustjóra sem lögð var fram í þinghaldi 22. maí 2020 um gang málsins, sem ekki hefur sætt andmælum af hálfu stefnanda enda hann sjálfur til hennar vísað.

Þessi gögn gefa enga vísbendingu um að íslensk stjórnvöld hafi borið nokkra sök á þeim töfum sem urðu á framsalsmálinu, ef hægt er að tala um slíkar, eða gengið gegn einhverjum ákvæðum laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálu, enda í raun ekki á slíku byggt eða það reifað. Hefur stefnandi reyndar ekki gert tilraun til að sýna fram á að staðhæfingar stefnda, um að tíminn sem málið tók sé innan eðlilegra marka miðað við sambærileg mál, séu rangar, en stefndi fullyrðir að framsalmál sem þessi taki almennt frá 4 mánuðum til 18 mánaða. Stefnandi ber að mati dómsins sönnunarbyrðina fyrir því að stefndi hafi komið fram í málinu á framangreindu tímabili með ólögætum og saknæmum hætti gagnvart stefnanda, en þá byrði hefur hann ekki axlað. Stefnandi getur ekki að mati dómsins borið ábyrgð í málum sem þessum á grundvelli hugsanlegrar sakar starfsmanna erlends ríkis, en fyrir því er ekki sjáanlegur lagagrundvöllur. Þar sem dómurinn telur engar forsendur fyrir bótaábyrgð stefnda vegna þessa tímabils, á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar eða eftir atvikum á grundvelli sakarlíkinda, og slíkur bótagrundvöllur jafnframt þá vanreifaður, verður stefndi sýknaður af bótakröfu stefnanda vegna þessa tímabils með vísan til framangreinds. Það athugist varðandi þetta atriði, þótt það skipti ekki máli í ljósi framangreindrar niðurstöðu, að dómurinn sér þess ekki stað með óyggjandi hætti í gögnum málsins að stefnandi hafi verið sviptur frelsi sínu á Ítalíu allan þennan tíma, þótt líklegt sé að sú hafi verið raunin með einum eða öðrum hætti auk þess sem sagt er í úrskurði Landsréttar í máli nr. 73/2018 að stefnandi hafi verið í „haldi ítalskra yfirvalda í ríflega sex mánuði“. Ekki er þó hægt að útiloka að stefnandi hafi þess í stað sætt einhvers konar takmörkunum á frelsi sínu þótt hann hafi ekki dvalist í fangelsi. Um þetta skortir þó skýr gögn.

Fyrir liggur að stefnandi var þegar við komu úrskurðaður í gæsluvarðhald sem hann sætti óslitið til 10. janúar 2018 eins og komið er fram, eða alls 147 daga. Engu máli skiptir fyrir bótarétt stefnanda að hann hafi látið hjá líða að kæra fyrsta úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar, hvorki til stuðnings bótakröfu né ekki. Allir síðari úrskurðir voru staðfestir af Hæstarétti án athugasemda og voru þeir allir byggðir á b-lið, 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, og hætta þannig talin á því að stefnandi myndi reyna að koma sér undan málsókn eða fullnustu refsingar með því að yfirgefa landið. Í úrskurði héraðsdóms 19. október 2017 var vísað til þess að 3. mgr. 95. gr. stæði gæsluvarðhaldi ekki í vegi, en

Í því ákvæði er kveðið á um að eftir föngum skuli gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd. Ekki var vísað til þessa ákvæðis í úrskurðum héraðsdóms frá 16. nóvember 2017 eða frá 11. desember 2017. Allir þessir úrskurðir voru staðfestir í Hæstarétti með vísan til forsendna. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 8. janúar 2018 var fallist á gæsluvarðhald til 5. febrúar og tekið sérstaklega fram að ekki þætti koma til álita að ákvæði 3. mgr. 95. gr. gæti átt við í tilviki stefnanda þá. Landsréttur felldi úrskurðinn hins vegar úr gildi og úrskurðaði stefnanda í farbann til 5. febrúar 2018 og tók sérstaklega fram að þar væri horft til niðurlags framangreinds ákvæðis. Þar var reyndar gætt að því, eins og sagði, að stefnandi hafði verið í gæsluvarðhaldi hér á landi í ríflega fjóra mánuði og áður í haldi ítalskra yfirvalda í um sex mánuði.

Af þessu verður ráðið að frelsisvipting stefnanda var ákveðin af æðsta dómstóli þjóðarinnar, vitaskuld að gættu ákvæði 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sem leiddi síðan til þess að Landsréttur ákvað í ársbyrjun 2018, að úrskurða stefnanda í farbann fremur en gæsluvarðhald, og aftur með úrskurði sínum í máli nr. 240/2018 til dómsuppsögu í héraði en þó eigi lengur en til 12. mars 2018. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp 8. þess mánaðar, og eftir þann dag sætti stefnandi ekki gæsluvarðhaldi eða farbanni. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til álita að íslenska ríkið teljist hafa brotið gegn stefnanda með ólögætum og saknæmum hætti þannig að leiði til bótaréttar honum til handa á þeim grundvelli. Þessar takmarkanir á frelsi stefnanda voru þannig allar byggðar á dómum og úrskurðum sem engin tilraun hefur verið gerð til að sýna fram á að hafi verið einhverjum annmörkum haldnir þótt í ljós hafi komið þegar upp var staðið að endanlegur dómur yfir stefnanda kvað á um mun skemmri fangelsisvist heldur en sem nam frelsisviptingu hans á grundvelli gæsluvarðhalds og farbanns undir meðferð málsins. Stefnandi hefur reyndar ekki reifað svo heitið geti á hvaða grundvelli bótaskylda vegna þessa tímabils verði byggð á almennu sakarreglunni eða reglunni um vinnuveitandaábyrgð, heldur virðist, sem fyrr í grunninn leggja áherslu á hlutlæga ábyrgð. Dómurinn telur enda að það geti að jafnaði ekki talist bótaskyld háttsemi, ef síðar verður talið, að dómur og úrskurðir sem kveðnir eru upp í samræmi við gögn máls, málsmeðferðarreglur og stjórnskipan í landinu, hafa byggst á röngu mati dómenda hvort sem er á atvikum máls eða lagareglum og túlkun þeirra. Þá er að mati dómsins haldlaus sú málsástæða stefnanda að óeðlilegur og saknæmur dráttur hafi orðið á meðferð máls stefnanda þannig að skapi sjálfstætt bótarétt til handa stefnanda, hvort sem það er sá tími sem leið frá því að hann kom til landsins og þar til ákæra var gefin út eða meðferðartími fyrir dómstólum.

Sömu sjónarmið eiga að mati dómsins við um hugsanlega bótaskyldu stefnda á grundvelli sakarreglunnar, vegna þess tíma er stefnanda var gert að sæta farbanni eftir að hafa verið laus úr gæslu, en ósannað er að farbann verði með einhverju móti rakið til ólögætrar eða saknæmar hegðunar þeirra er um það fjölluðu og tóku ákvörðun um það á grundvelli skýrra lagaheimilda á meðan beðið var dómnsniðurstöðu

Það tímabil í lífi stefnanda sem eftir stendur og þarfnast skoðunar út frá saknæmri og ólögætri háttsemi, er þá frá því að dómur var kveðinn upp 8. mars 2018 í héraði og þar til hann yfirgefur landið í fylgd 23. s.m., en stefnandi telur einnig að þar hafi honum með ólögætum hætti verið meinað að yfirgefa landið og krefst bóta vegna þeirra 15 daga sem þarna liðu, vegna þess, eins og segir í stefnu, að hafa verið hindraður frá því að komast úr landi.

Stefnandi segir sjálfur í stefnu sinni, og er það stutt gögnum, að hann leitaði strax til embættis héraðssaksóknara og fór þess á leit að embættið tryggði að hann kæmist til síns heima án tafar og

greiddi ferðakostnað. Jafnframt að embættið myndi bera allan kostnað af dvöl hans hér á landi frá dómsuppsögudegi. Embættið hafnaði þátttöku í greiðslu kostnaðar en lýsti því yfir að stefnanda væri heimilt að yfirgefa landið á eigin kostnað. Gögn málsins bera með sér að þetta hafi saksóknari gert 9. mars eða degi eftir að erindi lögmanns stefnanda barst. Þar kom fram að stefnanda væri frjálst að yfirgefa landið, en kostnaður vegna hugsanlegrar dvalar hans í framhaldi, yrði ekki borinn af embættinu. Þá var fullyrt að vegabréf ásamt dvalarleyfisvottorði sem hefði verið í vörslum yfirlögregluþjóns hefði verið afhent stefnanda strax að héraðsdómi gengnum. Í kjölfar þessara samskipta verður ekki annað ráðið en að samskipti milli lögmanns og yfirvalda hafi verið tiltölulega jákvæð og miðað að lausn málsins, m.a. vegna þess sem stefnandi bar að dvalarleyfi hans á [...] hefði glatast, en þar vísar stefnandi til þess m.a. að dvalarleyfiskort hans á [...] hafi týnst þegar það hafi átt að vera í vörslum starfsmanna héraðssaksóknara.

Ekki er að mati dómsins að fullu útskýrð áhrif ákvörðunar Útlendingastofnunar um brottvísun stefnanda af landinu, en hún mun hafa verið tekin 23. mars, og stefnandi fór úr landi daginn eftir. Verður ekki önnur ályktun dregin en sú að þetta hafi stofnunin gert á grundvelli skýrra lagaheimilda og án allrar aðkomu lögreglu eða héraðssaksóknara. Sú málsmeðferð hafi því öll verið ótengd, meintri bótaskyldri háttsemi héraðssaksóknara eða lögreglu, að því er virðist.

Af öðrum gögnum málsins virtum telur dómurinn það ósannað og vanreifað, hvaða aðgerðir yfirvalda leiddu til þess að stefndi dvaldist hér lengur en hann sjálfur hefði kosið, ef sú var raunin, og hvers vegna íslenska ríkið ætti að bera ábyrgð á þessum tíma. Af framburði þeirra lögreglumanna sem komu fyrir dóminn og báru um atvik þessa fimmtán daga sem um ræðir, verður ekki annað ráðið en að öllum reglum hafi verið fylgt, eða a.m.k. engar slíkar brotnar og eðlilega staðið að málum. Jafnframt voru leiddar líkur að því að hugsanlega hafi svokallað dvalarheimilisskírteini stefnanda á [...] glatast fremur þegar hann kom í fyrri ferð sína til Íslands, þ.e. þá ferð sem leiddi til málareksturs ákærvalds gegn honum, en ekki í vörslum lögreglu eftir komu hans hingað 17. ágúst 2017. Ekki er þá nokkur lagagrundvöllur fyrir því að fallast á miskabætur eða bætur vegna fjártjóns vegna þessa á grundvelli strangari bótareglu.

Kröfu um miskabætur vegna framangreinds tímabils, 175.000 kr. á dag samkvæmt aðalkröfu, er því hafnað sem og vara- og þrautavarakröfu vegna þessa liðar.

Samkvæmt framangreindu verður ekki talið að stefnandi geti byggt kröfu sína til bóta úr hendi stefnda beint á XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 eða 5. mgr., 67. gr. stjórnarskrárinnar, öðrum ákvæðum settra laga, almennu sakarreglunni eða reglu um vinnuveitandaábyrgð. Kemur þá til skoðunar hvort í málinu verði beitt hlutlægni ábyrgð engu að síður.

Í málinu blasir það við að stefnandi hefur sætt frelsissviptingu, þ.e. fyrst fangelsisvist hér á landi á grundvelli laga og reglna íslensks réttarvörslukerfis og á íslensku yfirráðasvæði, í 147 daga og síðar farbanni í 57 daga. Er þá einungis horft til tímans frá því að stefnandi var fluttur til Íslands og úrskurðaður í gæsluvarðhald 17. ágúst 2017 og til 10. janúar 2018, sbr. framangreint og síðan gert að sæta farbanni til 8. mars sama ár. Vafalaust er því að orsakasamband er á milli þeirrar frelsissviptingar sem hér um ræðir og þess miska sem stefnandi hefur orðið fyrir sem einnig verður að teljast vafalaus og ekki hefur verið gerður sérstakur ágreiningur um.

Stefnandi gengur sjálfur út frá því að af þessum tíma hafi, í ákveðnum skilningi, lögmet full frelsissvipting, þegar upp var staðið, verið 61 dagur og því hefur stefnandi setið í fangelsi hér á landi samkvæmt gögnum málsins í 86 daga umfram þá refsingu sem honum var gerð með dómi, miðað við

framangreindar forsendur dómsins og að auki var honum gert að sæta takmörkun á ferðafrelsi í 57 daga. Í þessum efnum verður að halda til haga að skerðing á ferðafrelsi einstaklings sem vissulega nýtur verndar samkvæmt 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, verður að jafnaði ekki talin jafn þungbær skerðing á einstaklingsfrelsi og fangelsisvist.

Þrátt fyrir að sú frelsissvipting sem hér um ræðir hafi verið ákveðin með lögmætum hætti af dómstólum, og að gættu ákvæði 3. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, sbr. framangreint, er sú málsmeðferð öll sannanlega skemmi skírn ef svo má að orði komast. Hún byggist þannig almennt á ákveðnu líkindamati sem er jafnan ófullkomið sökum þess að öll kurl eru ekki komin til grafar þegar mál er til rannsóknar, það er í undirbúningi eða er undir rekstri fyrir dómstólum, þótt þess megi vænta að þetta mat byggist oftar en ekki á traustari grunni eftir því sem máli vindur fram. Þegar mál hefur síðan hlotið þá málsmeðferð sem lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála og grunnreglur áskilja, þar sem sönnunargögn, framburður sakborninga og skýrslur vitna eru lögð fyrir dómendum af ákærvaldi, sem ber að gæta hlutlægni, og málatilbúnaður sætir, eins og tilefni er til, andmælum verjanda, sem aðgang á að hafa að öllum gögnum máls, getur niðurstaðan orðið sú að sakborningi verði ekki gerð sú refsing sem handhafar réttarvörslu höfðu gert ráð fyrir við undirbúning þessarar málsmeðferðar.

Ágreiningslaust er að sú staða er uppi í því máli sem hér um ræðir. Stefnanda var þannig gert að sæta fangelsun langt umfram þann tíma sem ákveðin var með endanlegum dómi í máli hans. Öll sú frelsissvipting var frá upphafi vissulega ákveðin í tilefni þess brots sem til rannsóknar var, sætti ákæru og gekk til dóms en varði sannanlega þegar upp var staðið í of langan tíma. Dómurinn telur að sanngirnisjónarmið styðji eindregið, og að eðlilegt megi telja, að á slíkri niðurstöðu verði ríkisvaldið að bera, í grunninn, ábyrgð gagnvart þeim er fyrir verður þótt viðkomandi hafi að hluta til unnið til eða stuðlað að henni. Eins og að framan greinir er ekki hægt að líta svo á að slík niðurstaða verði einvörðungu studd við 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, líkt og stefnandi byggir á. Þar athugist þó að þrátt fyrir það skilyrði ákvæðisins að frelsissvipting hafi verið að ósekju, hefur sá almenni skilningur verið lagður í það að um sé að ræða að maður hafi þá verið sviptur frelsi saklaus eða af ástæðulausu og mönnum sé tryggður bótaréttur hafi þeir sætt frelsissviptingu án þess að hafa til hennar unnið. Það má til sanns vegar færa að um sök stefnanda hafi verið að ræða í máli þessu en í ljósi endanlegrar úrlausnar dómsmálsins gegn honum, mætti einnig skýra stöðu stefnanda með þeim hætti að hann hafi ekki unnið með framferði sínu til þeirrar frelsissviptingar sem honum var gert að þola. Sú niðurstaða að fallast á bótaskyldu þótt hún síðan, í raun, sé byggð á hreinum hlutlægum og ólögfestum grunni, sækir allt að einu, að mati dómsins, afdráttarlausu stoð í þær meginreglur sem endurspeglast í 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. mannréttindasáttamála Evrópu, sbr. lög nr. 64/1994, að allir menn eigi rétt til frelsis og mannhelgi og skuli eiga bótarétt ef brotið er gegn þeim rétti, sbr. 1. og 5. mgr. ákvæðisins, en einnig til þeirra grunnraka sem búa að baki reglum XXXIX. kafla laga nr. 88/2008. Þá verður, þegar afstaða löggjafans er virt, litið til 3. mgr. 95. gr. laganna þótt ekki verði gengið svo langt að álykta af því ákvæði, að þess vegna hafi lögmæt skilyrði skort fyrir frelsissviptingu þótt niðurstaðan hafi orðið framangreind.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að lagagrundvöllur standi til þess að stefnda verði gert að bera ábyrgð á þeirri frelsisskerðingu sem stefnanda var sannanlega gert að sæta á íslensku yfirráðasvæði frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018 í fangelsi og farbanni frá þeim degi til 8. mars sama ár að frádregnum þeim dómi sem hann á endanum hlaut.

Dómnum þykir rétt að lækka miskabætur með hliðsjón af eigin sök stefnanda, en ágreiningslaust verður að telja eigin sök fyrir hendi, enda sætti stefnandi rannsókn og var gert að þola þvingunarráðstafanir á grundvelli afbrots sem hann var á endanum sakfelldur fyrir í Landsrétti, þótt sú sakfelling hafi byggst á gáleysisbroti hans. Verður ekki séð að önnur sjónarmið eigi við um eigin sök undir þessum kringumstæðum og gilda þegar ákvæði XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 eiga við, þar sem hægt er á

grunvelli eigin sakar að lækka eða fella með öllu niður bæt看ur þótt mál hafi verið fellt niður eða sakaður maður sýknaður.

Með hliðsjón af því og framangreindum sjónarmiðum varðandi bótagrundvöll og tímalengd bótaskyldra atvika málsins, sem og dómaframkvæmd um fjárhæð miskabóta vegna þvingunarráðstafana skv. XXXIX. kafla laga nr. 88/2008, sem dómurinn telur sjálfsagt að hafa til hliðsjónar, ákveðast miskabætur til handa stefnanda 4.500.000 króna. Fallist verður á vaxtakröfu stefnanda eins og hún er fram sett en stefndi hefur ekki rökstutt andmæli sín við kröfunni, sem rúmast að mati dómsins innan tilvísaðra ákvæða laga nr. 38/2001.

Krafa um bætur vegna meints fjártjóns stefnanda er að mati dómsins vanreifud og ekkert sem rennir slíkum stoðum undir hana, að tækt sé að dæma hana að álitum. Verður fjárkröfu vegna missis atvinnutekna, án frekari umfjöllunar, vísað frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi hefur lagt fram gjafsóknarleyfi, útgefið 22. ágúst 2019, vegna reksturs málsins fyrir héraðsdómi. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Braga Björnssonar, sem ákveðin er með hliðsjón af vinnuskýrslu lögmannsins og umfangi málsins, án virðisaukaskatts, 2.000.000 króna.

Málið fluttu, fyrir hönd stefnanda, Bragi Björnsson lögmaður og fyrir hönd stefnda Óskar Thorarensen lögmaður.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en dóminn hefði með réttu átt að kveða upp eigi síðar en 12. mars sl.

D Ó M S O R Ð

Kröfum stefnanda um skaðabætur vegna fjártjóns vegna missis atvinnutekna er vísað frá dómi.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 4.500.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 23. mars 2018 til dómsuppsögu en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 2.000.000 króna.